



Góðlátlegt grín eða dauðans alvara?

Greining á skörun tjáningarfrelsis og trúfrelsis í ljósi
Múhameðsteikninganna og gagnkvæmri aðlögun múslima og
vestrænna samfélaga

Guðný Hrafnkelsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Góðlátlegt grín eða dauðans alvara?
*Greining á skörun tjáningarfrelsis og trúfrelsis í ljósi Múhamedsteikninganna og
gagnkvæmri aðlögun múslima og vestrænna samfélaga*

Guðný Hrafnkelsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Magnús Þorkell Bernharðsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Guðný Hrafnkelsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Innflytjendamál og samblöndun ólíkra menningarheima hafa verið í kastljósinu undanfarin ár og þá ekki síst staða múslima á Vesturlöndum. Menn hafa í því samhengi velt tjáningarfrelsinu fyrir sér. Efni þessarar ritgerðar er að greina skörun tjáningarfrelsis og trúfrelsis þegar múslimum fjölgar á Vesturlöndum. Í því skyni er sérstaklega fjallað um Múhameðsteikningarnar í *Jyllands-Posten* og eftirmála þeirra.

Múhameðsteikningarnar voru og eru enn umdeildar á meðal fræðimanna og annarra. Ákveðinn tvískinnungsháttur virðist hafa einkennt ritstjórn blaðsins. Hún neitaði að birta skopmyndir af Jesú og helförinni, þar sem þær myndu mögulega móðga suma lesendur blaðsins. Í grein sem birtist með Múhameðsteikningunum voru skilaboðin til múslima hins vegar þau, að þeir þyrftu að venjast því að vera móðgaðir og hafðir að háði, ef þeir ætluðu á annað borð að búa á Vesturlöndum.

Leitast er við að svara því hvort rétt hafi verið af blaðinu að birta myndirnar og gagnkvæm aðlögun múslima og vestrænna samfélaga skoðuð. Rýnt er í lagabókstafinn, umræðu fræðimanna og fjölmiðla og að lokum í rannsóknir á stöðu múslima á Vesturlöndum og fordómum í garð þeirra. Þá er umræðan einnig heimfærð yfir á Ísland, þar sem múslimskir innflytjendur eru enn fáir.

Niðurstöður þessarar ritgerðar gefa til kynna að hæpið sé að banna birtingu skopmynda sem þessara með lögum. Hins vegar er ljóst að uppræta þarf fordóma í garð innflytjenda, og þá sérstaklega múslima, í vestrænum samfélögum.

1. Inngangur	5
2. Tjáningarfrelsi, takmarkanir á tjáningarfrelsi og guðlast	8
2. 1. Tjáningarfrelsi	8
2. 2. Takmarkanir á tjáningarfrelsi	11
2. 3. Guðlast	13
3. Múhameðsteikningarnar í <i>Jyllands-Posten</i>	15
3. 1. Salman Rushdie og <i>Söngvar Satans</i>	15
3. 2. Skopmyndirnar í <i>Jyllands-Posten</i>	17
3. 3. Hefðir fyrir myndum af Múhameð innan íslam	22
4. Mið-Austurlönd og Vesturlönd	24
4. 1. Tvöfalt viðmið.....	24
4. 2. Mið-Austurlönd og Vesturlönd	28
5. Guðlast á Íslandi.....	33
5. 1. <i>Spegillinn</i>	33
5. 2. Brynjólfur Bjarnason dæmdur fyrir guðlast	34
5. 3. Múhameðsteikningarnar í íslensku dagblaði?	35
6. Staðan í dag	37
6. 1. Teikningarnar ekki í <i>The Cartoons that Shook the World</i>	37
6. 2. Viðhorf og staða múslima á Vesturlöndum.....	39
6. 3. Viðhorf til múslima á Íslandi.....	41
7. Lokaorð	44
Heimildaskrá	46

1. Inngangur

Innflytjendamál og samblöndun ólíkra menningarheima hafa verið í kastljósinu undanfarin ár. Með fjölgun múslimskra innflytjenda í Evrópu eykst að sama skapi umræðan um aðlögun þeirra og vestrænna samfélaga og hefða. Umræðan hefur verið áberandi síðustu árin og hafa erfiðleikarnir sem aðlöguninni fylgja fengið talsverða athygli fjölmiðla og annarra. Þær spurningar hafa vaknað hjá fólki hvort mögulegt sé að svo ólíkir heimar blandist saman án teljandi erfiðleika; íslam og vestræn menning. Á allra síðustu árum höfum við fengið fréttir af erfiðleikum tengdum aðlögun múslima og evrópskra samfélaga á meginlandinu og viðbrögðum við þeim.

Víða í Evrópu hafa stjórn mála flokkar sem staðsetja sig utarlega á hægri vængnum notið vaxandi fylgis og má meðal annars rekja þá þróun til fjölgunar innflytjenda. Í þeim ríkjum þar sem velferðarkerfið er þróað og takmarkaður fjöldi láglaunastarfa er í boði hefur sérstaklega borið á þessu. Hefur þróunin verið sú að innflytjendur með litla starfssérhæfingu hafa í nokkru magni farið á atvinnuleysisbætur í þessum ríkjum með tilheyrandi kostnaði. Svárið við þróuninni hefur svo verið aukið fylgi við hægri flokkana,¹ en þeir hafa sérstaklega notið vaxandi stuðnings meðal karlmannna í lægstu stéttum samfélaganna sem vinna þau störf sem innflytjendurnir hafa helst sóst eftir.² Þessara áhrifa hefur gætt víða í Evrópu. Skemmst er að minnast þess þegar hægri öfgamaðurinn Jean-Marie Le Pen fékk 17% atkvæða í fyrstu umferð forsetakosninganna í Frakklandi árið 2002 og flokkur hans *Front National* fékk að sama skapi 11,3% atkvæða í þingkosningu þar í landi sama ár. Nýlega bárust einnig fregnir af kosningasigri hægri flokks í Finnlandi, *Perussuomalaiset*, en sá flokkur er afar þjóðernissinnaður og má líklega rekja vaxandi fylgi hans til fjölgunar innflytjenda þar í landi.³

Við höfum hins vegar ekki orðið vör við álíka þróun hér á landi, en þó eru umræður um innflytjendur og múslima reglulega á dagskrá íslenskra fjölmiðla og stjórn mála manna.

¹ Christoffer Green-Pedersen og Pontus Odmalm, „Going different ways? Right-wing parties and the immigrant issue in Denmark and Sweden,“ *Journal of European Public Policy* 15, nr. 3 (2008): 370. <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=6&hid=13&sid=04f2aa2e-4e9c-4a5a-97ec-38709a320f69%40sessionmgr15&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=30049693> (sótt 20. apríl 2011).

² Zuhul Yesilyurt Gunduz, „The European Union at 50-Xenophobia, Islamophobia and the Rise of the Radical Right,“ *Journal of Muslim Minority Affairs* 30, nr. 1 (2010): 40. <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=ec0faffb-01b3-4156-bced-0969b25aae66%40sessionmgr13&vid=1&hid=13&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=50319357> (sótt 20. apríl 2011).

³ BBC News, „Nationalist True Finns make gains in Finland vote,“ *news.bbc.co.uk*, 18. apríl 2011. <http://www.bbc.co.uk/news/world-europe-13107620> (sótt 27. apríl 2011).

Umræðurnar hafa meðal annars snúist um fyrirhugaða byggingu mosku í Reykjavík, en Félag múslima á Íslandi hefur lengi sóst eftir lóð undir slíka byggingu.⁴ Slátrun að múslimskum sið í íslenskum sláturhúsum fékk nokkra athygli síðastliðið haust⁵ og ákvörðun Austurbæjarskóla um að bjóða ekki upp á svínakjöt í mötuneytinu þótti einnig athyglisverð.⁶ Í janúar árið 2011 bar svo Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, upp fyrirspurn á Alþingi varðandi bann á búrkum og hvort íslensk stjórnvöld hygðust koma slíku banni á hér á landi og í kjölfarið kom í ljós að skiptar skoðanir eru á málum sem þessum.⁷

Á undanförunum árum hafa menn velt fyrir sér tjáningarfrelsinu í þessu samhengi. Efni þessarar ritgerðar er að greina skörun trúfrelsis og tjáningarfrelsis þegar múslimskum innflytjendum fjölgar á Vesturlöndum. Í því samhengi verða Múhameðsteikningunum og eftirmálum þeirra sérstaklega gerð skil. Múhameðsteikningarnar eru tólf skopmyndir sem birtust í danska dagblaðinu *Jyllands-Posten* þann 30. september árið 2005. Dagblaðið varð fljótlega eftir birtingu þeirra frægt um víða veröld. Teikningarnar voru á allra vörum og höfðu alvarlegar afleiðingar í för með sér. Sendiráð voru brennd,⁸ víða var mótmælt og danskar vörur voru sniðgengnar.⁹ Í ljósi eftirmála skopmyndanna er því vert að spyrja; veitir tjáningarfrelsið okkur rétt til að móðga alla, án nokkurra takmarkana?

Til að svara spurningum sem þessum er rétt að skoða lög sem vernda tjáningarfrelsi, trúfrelsi og fordæma guðlast. Þá verður umræða fræðimanna um teikningarnar skoðuð og einnig staða múslimskra innflytjenda á Vesturlöndum í dag. Til dæmis er áhugavert að skoða rannsóknir sem gerðar hafa verið á fordómum, annars vegar í garð innflytjenda almennt og hins vegar í garð múslima.

Nær daglega berast okkur fregnir af hryðjuverkaárásum og hefur umræða um íslam aukist í kjölfarið á meðal Vesturlandabúa. Margir eru fljótir að setja samasemmerki á milli

⁴ Vísir, „Félag múslima mun eitt fá moskulóðina“, *visir.is*, 13. desember 2010. <http://www.visir.is/article/2010891026945> (sótt 20. apríl 2010).

⁵ RÚV, „SS hætta halal slátrun“, *ruv.is*, 20. september 2010. <http://www.ruv.is/frett/ss-haetta-halal-slatrun> (sótt 15. apríl 2011).

⁶ Óskar Hafsteinn Óskarsson, „Svona hefur þetta alltaf verið“, <http://tru.is/pistlar/2007/07/svona-hefur-%C3%BEetta-alltaf-veri%C3%B0/> (sótt 15. apríl 2011).

⁷ Fyrirspurn til dómsmála- og mannréttindamálaráðherra um bann við búrkum, þskj. 286, 252. mál, 2010-2011. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/139/s/0286.html> (sótt 15. apríl 2011).

⁸ Spiegel online, „Arson and Death Threats as Muhammad Caricature Controversy Escalates“, *spiegel.de*, 4. Febrúar 2006. <http://www.spiegel.de/international/0,1518,399177,00.html> (sótt 26. apríl 2011).

⁹ China daily, „Muslim boycotts of Danish products costly“, *chinadaily.com*, 17. febrúar 2006. http://www.chinadaily.com.cn/english/doc/2006-02/17/content_521276.htm (sótt 21. apríl 2011).

hryðjuverkamanna og múslima og því hefur ímynd fjölmargra verið flekkuð af aðgerðum nokkurra svartra sauða. Það sést meðal annars á vaxandi fordómum fólks í garð múslima og á það við um Íslendinga, rétt eins og aðrar þjóðir.

Hér á eftir verður því einnig fjallað um gagnkvæma aðlögun múslima og vestrænna samfélaga, en að mati höfundar líða múslimar oft fyrir fordóma í þeirra garð og þá er einnig talsvert um að tekið sé öðruvísi á málum er koma íslam við en þeim sem tengjast öðrum trúarbrögðum. Þessi mismunun stafar þó ekki endilega af illu innræti almennings eða ráðamanna, heldur hefur skortur verið á upplýstri umræðu um íslam og múslima á Vesturlöndum. Þar sem múslimum gæti fjölgað á Íslandi á komandi árum væri viðeigandi að sú umræða ætti sér stað í dag og er það vilji höfundar að ritgerð þessi sé innlegg inn í þá umræðu.

Stuðst er við ritaðar heimildir, innlendar sem erlendar; bækur, greinar, rannsóknir, dagblöð og tímarit. Annars vegar móta þær fræðilegan grundvöll sem ritgerðin byggir á, svo sem lagalegir textar og fyrri rannsóknir á þessum vettvangi. Hins vegar er um að ræða greinaskrif og innlegg fræðimanna í umræðuna um íslam, múslima og gagnkvæma aðlögun múslima og vestrænna samfélaga. Að auki er fjallað sérstaklega um deilur sem spruttu upp eftir útgáfu bókarinnar *The Cartoons that Shook the World*. Bókin er eftir Jytte Klausen, danskan prófessor í samanburðarstjórnámálum, en hún er einnig notuð sem heimild.

2. Tjáningarfrelsi, takmarkanir á tjáningarfrelsi og guðlast

2. 1. Tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsið er í stjórnskipun flestra lýðræðisríkja heims álitid hornsteinn samfélagsins.¹⁰ Skoðana- og tjáningarfrelsið eru í flokki mikilvægustu og elstu réttinda þegnanna og eru því ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags. Oft er talið, að almenn og víðtæk vernd tjáningarfrelsis, sem hluti af mannréttindahreyfingu nútímans, eigi rætur að rekja til ákvæða í mannréttindaskrá sem einstök „ríki“ Bandaríkjanna settu á síðari hluta 18. aldar. Þar var kveðið á um tjáningarfrelsi þegnanna, sem svo endurspegladist í viðaukum við bandarísku stjórnarskrána frá árinu 1789. Sama frelsishugsjón birtist í mannréttindayfirlýsingu þjóðfundar Frakka frá sama ári, en í stjórnarskrá þeirra var einnig kveðið á um tjáningarfrelsið. Þar sagði meðal annars: „Það eru ein mikilvægustu mannréttindi að mega láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir; hver borgari má því tala, rita og prenta það, sem hann vill, en verður þó að bera ábyrgð á misnotkun þessa frelsis, eftir því sem lög mæla.“ Önnur ríki áttu eftir að taka sér þessa grein til fyrirmyndar þegar þau bjuggu til eigin stjórnarskrár.¹¹

Inntak tjáningarfrelsis hefur rýmkað og þróast í gegnum árin, bæði hvað varðar skilgreiningu á því hvaða efnislegu vernd það veitir og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla fyrir takmarkanir á tjáningarfrelsi út frá sjónarmiðum um hagsmuni lýðræðissamfélags.¹² Með tjáningarfrelsi er átt við að láta í ljós skoðun sína, segja hug sinn og skýra frá. Tjáning getur falist í ýmsu, til að mynda orðum, látbragði eða athöfnum án orða. Í tjáningarfrelsinu felst auk málfrelsis frelsi til skoðana og upplýsingafrelsi án afskipta yfirvalda.¹³

Tjáningarfrelsi er hægt að greina í þrjá þætti; upplýsingafrelsi, málfrelsi og skoðanafrelsi.¹⁴ Samkvæmt *Lögfræðiorðabókinni* er upplýsingafrelsi réttur hvers og eins til að afla sér upplýsinga og dreifa þeim. Í skoðanafrelsi felst bæði sannfæringarfrelsi,¹⁵ þ.e. „rétturinn til að

¹⁰ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997), 53.

¹¹ Sama heimild, 55-56.

¹² Björg Thorarensen, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti,” *Tímarit lögfræðinga* 53, nr. 4 (2003): 375.

¹³ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, 52-53.

¹⁴ Páll Sigurðsson, ritstjóri, *Lögfræðiorðabók: með skýringum* (Reykjavík: Codex: Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008), 438.

¹⁵ Sama heimild, 438.

mynda sér sannfæringu um hvað eina”¹⁶ og birtingarfrelsi sem er „lögvarið frelsi hvers og eins til að birta efni fyrir almenningi, m.a. í fjölmiðlum en einnig með öðrum hætti.“ Með birtingarfrelsi er prentfrelsi einnig varið.¹⁷ Í 19. grein dönsku grundvallarlaganna frá árinu 1849 var eingöngu minnst á prentfrelsi og það var einnig gert í 54. grein stjórnarskrár Íslands frá árinu 1874, en þar sagði: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.”¹⁸ Í síðari stjórnarskrám Íslendinga var ákvæði um tjáningarfrelsi nánast samhljóða ákvæðinu í 54. grein þar til því var breytt á gagngeran hátt árið 1995.¹⁹

Í Mannréttindasáttmála Evrópu²⁰ eru ákvæði sem eru talin gegna lykilhlutverki í lýðræðislegri skipan aðildarríkja Evrópuráðsins og þeirra á meðal er 10. málsgrein sáttmálans sem fjallar um tjáningarfrelsi. Í núgildandi stjórnarskrá Íslands er tjáningarfrelsið varið í 73. grein. Hið víðtæka orðalag 73. greinar á sér tryggja stoð í 10. grein MSE, en þar er enginn munur gerður á tjáningarformi, hvað verndina varðar.²¹ Ákvæðið var tekið upp með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 í framhaldi af því að MSE var lögfestur.²² Í 73. grein segir:

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum.²³

Fyrsta málsgrein ákvæðisins verndar sérstaklega skoðanafrelsið og rétt manns til frjálsrar sannfæringar. Önnur málsgrein felur í sér grunnreglu tjáningarfrelsisins sem segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Hún verndar tjáningarfrelsið með þeim skilyrðum að maður verði að vera ábyrgur gerða sinna fyrir dómi en þar er einnig tekið fram að takmarkanir á tjáningarfrelsinu eigi að samrýmast lýðræðishefðum. Þá er einnig lagt bann við ritskoðun og öðrum álíka tálmunum á tjáningarfrelsinu. Þriðja málsgrein ákvæðisins greinir loks frá því að tjáningarfrelsinu megi aðeins setja skorður að uppfylltum þar til

¹⁶ Sama heimild, 373.

¹⁷ Sama heimild, 438.

¹⁸ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, 56.

¹⁹ Sama heimild, 57.

²⁰ Hér eftir skammstafaður MSE.

²¹ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, 58.

²² Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999), 570.

²³ Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

greindum skilyrðum.²⁴ Í umfjöllun sinni um vernd tjáningarfrelsis í íslenskum lögum virðast fræðimenn sammála um það að með nýju ákvæði hafi tjáningarfrelsið verið eflt að miklu leyti og því gefinn meiri máttur.²⁵

Eins og fyrr segir nýtur skoðana- og tjáningarfrelsið verndar 10. greinar MSE, en greinin er svohljóðandi:²⁶

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

Fyrsta málsgreinin segir til um að allir menn skuli vera frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Í ákvæðinu er ekki minnst á tjáningu skoðana og er ákvæðið því eins konar yfirlýsing um að menn verði ekki þvingaðir til að hafa ákveðnar skoðanir eða sannfæringu.²⁷ Í annarri málsgrein er hins vegar tekið fram að undir vissum kringumstæðum er leyfilegt að setja tjáningarfrelsinu takmarkanir. Tjáningarfrelsi stuðlar að því að sannleikurinn líti dagsins ljós og eyðir um leið ýmsum ranghugmyndum og villum. Það er varla hægt að hugsa sér virkt lýðræði nema að í samfélaginu sé almennt tjáningarfrelsi viðurkennt enda eru óheft opinber umræða og frjálst upplýsingaflæði talin ein af forsendum lýðræðislegra stjórnarhátta. Í skjóli tjáningarfrelsis þróast þjóðfélagsleg gagnrýni og hún er til þess fallin að veita valdhöfum það aðhald sem þarf. Tjáningarfrelsi stuðlar einnig að því að einstaklingar geti þroskað hæfileika sína á ýmsum sviðum og að þeir fái notið sín til fullnustu. Í þeim samfélögum þar sem tjáningarfrelsi er ekki víðtækt fær opinber umræða um það sem almenning varðar ekki að þróast og dafna sem skyldi.²⁸

²⁴ Frumvarp til stjórnskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 1994-1995. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html> (sótt 5. mars 2011).

²⁵ Eiríkur Tómasson o. fl., *Áfangaskýrsla nefndar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands*, (Reykjavík: Alþingi, 2007), 76. <http://www.althingi.is/altext/133/s/pdf/1293.pdf> (sótt 15. apríl 2011).

²⁶ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, 569-570.

²⁷ Frumvarp til stjórnskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 1994-1995. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html> (sótt 5. mars 2011).

²⁸ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, 53.

Í tjáningarfrelsinu felast dýrmæt réttindi fyrir einstaklinga, en réttindin byggja engu að síður einnig á þjóðfélagshagsmunum. Þau eru nauðsynleg forsenda lýðræðislegra stjórnarháttanna og mikilvæg á sviði stjórnmálalegrar umræðu í þjóðfélaginu. Á sama tíma er tjáningarfrelsið sérlega vandmeðfarið og getur hver einstaklingur ekki notið þess algerlega óskorað og án ábyrgðar, því þar með kunna réttindi annarra að skerðast. Því er nauðsynlegt að setja tjáningarfrelsinu ákveðnar skorður vegna tillits til hagsmuna annarra einstaklinga eða þjóðfélagslegra hagsmuna. Ótalmörg álitæfni geta skapast um þessi mörk tjáningarfrelsisins.²⁹

2. 2. Takmarkanir á tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsið er ekki algilt eða án takmarkana, eins og sjá má í ákvæðum stjórnarskrárinnar og MSE. Ákvæði mannréttindalaga, til dæmis tjáningarfrelsið, geta skarast við önnur réttindi þegnanna, en sú skörun er þó ekki alltaf augljós. Þess vegna þarf að vera hægt að takmarka réttindin og veita þau og meta þegar slík skörun á sér stað. Tjáningarfrelsinu eru settar skorður svo ekki sé gengið á persónulega eða þjóðfélagslega hagsmuni annarra.³⁰ Í niðurlagi 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar segir að ritskoðun eða aðrar álíka tálmanir fyrir tjáningarfrelsi megi aldrei leiða í lög. Með ritskoðun er hér átt við yfirlestur handrits af hálfu handhafa ríkisvalds til úrlausnar á hvort ritið megi birta. Þetta ákvæði á ekki aðeins við um ritað mál, heldur tjáningarfrelsið sem slíkt.³¹

Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar má aðeins takmarka tjáningarfrelsið með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra enda teljist þær nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum.³² Hægt er að greina 3. mgr. 73. gr. sundur í þrjú megin skilyrði. Í fyrsta lagi verður takmörkunin sem um ræðir að vera lögmælt, þ.e. heimild til slíkrar takmörkunar verður að vera hægt að finna í lögum. Það skilyrði byggir á þeim grunni að borgurunum séu ljós þau takmörk sem þeim eru sett. Takmörkunin verður að vera bundin við ákveðnar aðstæður eða tilvik, hún má ekki vera of almenn, þannig að ekki leiki vafi á því til hvaða aðstæðna hún nær. Í öðru lagi

²⁹ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, 571.

³⁰ Sama heimild, 570-571.

³¹ Sama heimild, 573-574.

³² Frumvarp til stjórnskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 1994-1995. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html> (sótt 5. mars 2011).

verður markmið takmörkunarinnar að vera eitthvert þeirra sem er nefnt í ákvæðinu. Að lokum þarf hún að vera nauðsynleg og samrýmast lýðræðishefðum.³³

Ákvæði íslenskra laga um takmarkanir á tjáningarfrelsi borgaranna eru fjölmörg og fjalla meðal annars um ærumeiðingar, hótanir, hatursáróður, smánun og brot gegn friðhelgi einkalífsins. Hér er því tjáningarfrelsinu settar þær skorður að fólk þurfi ekki að líða fyrir tjáningarfrelsi annarra.³⁴ En þó svo að mælt sé fyrir ákveðnar takmarkanir á tjáningarfrelsi í lögum þurfa takmarkanirnar að stefna að þeim markmiðum sem talin eru upp í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Enn mikilvægara er að takmörkunin verður að vera nauðsynleg, hún má ekki ganga of langt miðað við þá hagsmuni sem á að vernda og gildir þá einu um það að heimildir til takmörkunarinnar séu í lögum og að hún stefni að einu þeirra markmiða sem talin eru upp í 3. mgr. Þó svo að ákvæði um takmarkanir á tjáningarfrelsi megi finna í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er greinin ekki grundvöllur til takmörkunar á tjáningarfrelsi út af fyrir sig. Ætlast er til þess að löggjafinn útfæri nánar takmarkanirnar sem stjórnarskrárákvæðið heimilar.³⁵

Það getur verið sérstaklega vandasamt verk að finna mörk þessara hagsmuna; tjáningarfrelsis og takmarkana á því, ef takmarka á rétt manna til að tjá skoðanir sínar á efni sem er efst á baugi í þjóðfélagsumræðunni hverju sinni og því sem lýtur að almannahagsmunum. Umræða á vettvangi stjórnmalanna er oft óvægin og harkaleg og þeir sem standa fyrir umdeildum stjórnmalaskoðunum eru oft gagnrýndir harðlega. Í slíkum tilvikum reynir sérstaklega á það skilyrði sem er nefnt í niðurlagi 3. mgr. 73. greinar, það er að segja hvort takmörkunin sé nauðsynleg og hvort hún samræmist lýðræðishefðum.³⁶ Hins vegar er það mat sérfræðinga að áherslan skuli hvíla á meginreglunni í 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um frelsi einstaklingsins til að tjá sig á hvern þann þátt sem til er. Undantekningarnar á reglunni, sem grundvallast á 3. mgr. hafa minna vægi þar sem þær skal skýra þröngri lögskýringu en það á almennt við um undantekningarákvæði í lögum.³⁷

³³ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, 580-581.

³⁴ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi*, (Reykjavík: Codex, 2008), 49.

³⁵ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, 581.

³⁶ Sama heimild, 585.

³⁷ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, 55.

2. 3. Guðlast

Eitt af þeim ákvæðum íslenskra laga sem takmarkar tjáningarfrelsi er ákvæðið um guðlast. Í mörgum samfélögum er að finna refsíákvæði sem leggja bann við að spjótum sé beint að trúarkenningum með neikvæðum hætti. Hér á landi gerir 125. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 það refsínæmt að opinberlega sé dregið dár að trúarkenningum eða guðsdýrkun löglegs trúfélags samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar.³⁸ Í 125. gr. segir: „Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smáanar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 3 mánuðum]. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.”³⁹ Nánari túlkun á þessu ákvæði, til dæmis hvað það merki nákvæmlega að draga dár að eða smána trúarkenningar, er hins vegar háð mati hverju sinni og dómstólar skera úr um það.⁴⁰

Trúfrelsinu er veitt vernd í 63. og 64. grein stjórnarskrár Íslands, en þær eru svo hljóðandi⁴¹:

63. gr. Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.

64. gr. Enginn má neins missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almenri þegnskyldu. Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að. Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.⁴²

Í 63. grein er rétti manna til að stofna trúfélög lýst og einnig réttinum til að iðka trú sína. Markmið 64. greinar er hins vegar að vernda menn gegn mismunun á grundvelli trúarskoðana þeirra og rétt þeirra til að standa utan trúfélaga. Þá tryggir síðari greinin einnig að mönnum verði ekki gert skylt að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélaga sem þeir eru ekki aðilar að. Íslensk lög vernda því ekki aðeins þjóðtrúna, heldur er refsivert að draga dár að trúarkenningum sem falla undir hin ýmsu trúfélög sem eru lögleg á Íslandi. Í MSE er trúfrelsið einnig verndað og þar er einnig verndaður réttur foreldra til að tryggja trúarlegt uppeldi barna sinna í samræmi við þeirra eigin sannfæringu.⁴³

³⁸ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999), 170 – 171.

³⁹ Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

⁴⁰ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, 165.

⁴¹ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, 462.

⁴² Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

⁴³ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, 462.

Í trúfrelsi felst fyrst og fremst réttur manna, hvort heldur er einum sér eða í samfélagi með öðrum, að iðka þau trúarbrögð sem sannfæring þeirra býður og einnig að þeim verði ekki gert skylt að iðka tiltekin trúarbrögð eða tilheyra trúfélögum, kjósi þeir það ekki. Löggjafanum er einnig óheimilt að banna trúfélög og eru þau þar af leiðandi betur tryggð en önnur félög sem löggjafinn getur bannað.⁴⁴ Trúfélög njóta hins vegar ekki verndar 63. greinar ef þar er eitthvað kennt eða framið sem telst gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Hvað telja skal til góðs siðferðis og allsherjarreglu er svo breytilegt eftir siðaskoðun og löggjöf hvers tíma. Úrskurðarvald um það efni eiga að lokum dómstólarnir.⁴⁵

Það getur þó verið erfitt að leysa úr því, hvenær háttsemi telst refsínæm og hvenær ekki, þegar matskenndir efnisþættir einkenna refsíákvæði. Slík refsíákvæði fjalla til að mynda um klám (210 gr.), lostug athæfi, blygðunarsemi (209 gr.), ærumeiðingar (234-240 gr.), röskun á grafarhelgi og ósæmilega meðferð á líki (124. gr.) og guðlast (125 gr.).⁴⁶ Ýmis ákvæði fela í sér vísireglur og eru þar af leiðandi sveigjanleg og veita dómstólum svigrúm til túlkunar. Dómstólar geta þá skilgreint og ákveðið nánar, hvað flokkast sem refsiverð háttsemi eftir siðferðilegum og/eða félagslegum mælikvarða hvers tíma líkt og hann er í réttarvitund almennings og dómaranna sjálfra.⁴⁷ Það getur verið erfitt að setja fram nánari skilgreiningar á matskenndum fyrirbærum eins og klámi og guðlasti. Um sum þeirra ríkir ákveðin söguleg hefð, en hins vegar er óvíst hvort sú hefð heldur velli á meðan mannréttindaákvæði styrkjast. Dómstólar verða því að fara gætilega og vera vakandi þegar sakfella skal á þessum grundvelli. Þeir leita í þessum tilvikum til viðmiða utan laganna, með hliðsjón af félagslegum og siðferðilegum mælikvarða á hverjum tíma um það, hvaða háttsemi teljist óréttmæt og þar af leiðandi refsiverð. Í þessum tilvikum, til dæmis þegar fjallað er um guðlast, er því byggt á réttarvitund almennings sem dómstólar túlka svo hverju sinni.⁴⁸ Fáir dómar um guðlast hafa hins vegar fallið hér á landi á síðari árum og mætti því gera ráð fyrir að oftast sé það túlkað þannig að rétturinn til tjáningarfrelsis vegi þyngra en takmarkanir á því.

⁴⁴ Sama heimild, 463.

⁴⁵ Sama heimild, 464.

⁴⁶ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, 165.

⁴⁷ Sama heimild, 165.

⁴⁸ Sama heimild, 242.

3. Múhameðsteikningarnar í *Jyllands-Posten*

3. 1. Salman Rushdie og *Söngvar Satans*

Það kannast flestir við deilurnar sem spruttu upp við útgáfu bókarinnar *Söngvar Satans* eftir Salman Rushdie. Útgáfan olli mótmælum og uppþotum um víða veröld, sem heimspressan fylgdist með. Það vakti sérstaklega athygli þegar Ayatollah Khomeini, þáverandi leiðtogi Íran gaf út *fatwa*,⁴⁹ sem er lagalegur úrskurður að íslömskum sið.⁵⁰ Bókin *Söngvar Satans* kom fyrst út árið 1988 en hún tekur á trúarlegum eignum og túlkar heilög, íslömsk rit á þann hátt sem var ekki múslimum að skapi. Titill bókarinnar á frummálinu, *The Satanic Verses*, er tilvísun í súrur *Kóransins* sem eru sagðar hafa verið upphaflega í *Kóraninum*, en fjarlægðar þar sem menn töldu þær sprotnar frá djöflinum sjálfum.⁵¹ Útgáfa bókarinnar olli miklu fjaðrafoki og deilurnar hófust í raun skömmu fyrir útgáfudaginn á Indlandi. Þar fjölluðu tvö tímarit, *India Today* og *Sunday*, um bókina og birtir voru hlutar bókarinnar sem þóttu móðgun við íslamska trú. Í kjölfar þess hófu tveir þingmenn indverska þingsins baráttu fyrir því að bókin yrði bönnuð þar í landi og var það gert skömmu síðar.⁵² Rushdie svaraði hins vegar indverskum yfirvöldum í opnu bréfi, þar sem hann varði útgáfu bókarinnar og vísaði til tjáningarfrelsisins.⁵³ Málinu var þó langt frá því að vera lokið.

Skömmu síðar hófu múslimar í Bretlandi að mótmæla útgáfunni. Ljósrit af köflum bókarinnar sem þóttu sérlega móðgandi voru send til íslamskra stofnana og einnig til breskra sendiráða í múslimaríkjum. Formaður samtakanna *The Islamic Society for the Promotion of Religious Tolerance* sendi útgáfufélaginu bréf þar sem hann hvatti til aðgerða af þeirra hálfu, áður en „skrímslið“ sem þeir höfðu skapað að óþörfu yrði að einhverju sem ekki væri hægt að stjórna. Útgefendurnir gáfu þó heldur lítið fyrir bréfið, tóku því mátulega alvarlega og fannst stinga í

⁴⁹ Daniel Pipes, *The Rushdie Affair: the Novel, the Ayatollah, and the West*, 4. útg. (New Jersey: Transaction Publishers, 2009), 15.

⁵⁰ Mozaffar Hossain, „The story of fatwa,” *Interventions: The International Journal of Postcolonial Studies* 4, nr. 3 (2002): 237. <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=4&hid=18&sid=51bc6667-868c-4852-a769-c8f37006e772%40sessionmgr4&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbG12ZQ%3d%3d#db=aph&AN=7175561> (sótt 19. apríl 2011).

⁵¹ Fidel Fajardo-Acosta, „Salman Rushdie (1947-),” World Literature Website, <http://fajardo-acosta.com/worldlit/rushdie/index.htm> (sótt 13. apríl 2011).

⁵² Pipes, Daniel, *The Rushdie Affair: the Novel, the Ayatollah, and the West*, 19.

⁵³ Nicole Falkenhayer, „The Other Rupture of 1989: The Rushdie Affair as the Inaugural Event of Representations of Post-secular Conflict,” *Global Society* 24, nr. 1 (2010): 114. <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=0ed7f025-7ae0-4e20-87ec-3a562b8b742c%40sessionmgr10&vid=1&hid=7&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbG12ZQ%3d%3d#db=aph&AN=47377626> (sótt 20. apríl 2011).

stúf að félag sem boðaði umburðarlyndi færi fram á ritskoðun. Félög múslima í Bretlandi vildu að bókin yrði bönnuð þar í landi og að Rushdie yrði sóttur til saka fyrir guðlast. Regnhlífarsamtökin *The Union of Muslim Organisations* fóru þess á leit við Margaret Thatcher, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, að hún bannaði bókina á grundvelli guðlasts. Hún varð hins vegar ekki við bón þeirra, enda rann það fljótt upp fyrir múslimum að bresk lög um guðlast eiga aðeins við um kristni og auk þess hefur þeim sjaldan verið beitt.⁵⁴

Ayatollah Khomeini beitti sér ekki í málinu fyrr en í febrúar árið 1989. Ýmsar kenningar eru uppi um hvers vegna hann brást ekki fyrir við, sumir segja að það hafi verið af pólitískum ásetningi⁵⁵ en aðrir hafa sagt að hann hafi einfaldlega ekki frétt af málinu fyrr en hann sá myndskreið af mótmælunum í Pakistan. Hvernig sem Rushdie-málið barst honum til vitundar, þá brást hann við af mikilli hörku. Hann gaf út *fatwa* 14. febrúar 1989 þar sem hann lýsti því yfir að Rushdie skyldi vera tekinn af lífi fyrir athæfið, ásamt öðrum sem komu að útgáfu bókarinnar og var kunnugt um efni hennar.⁵⁶ Mótmælin breiddust út um víða veröld og voru mótmæli meðal annars í Bandaríkjunum, Íran, Bretlandi, Pakistan og Suður-Afríku. Þúsundir manna mótmæltu, allt frá virtum rithöfundum til óeirðaseggja. Um tuttugu manns létust í mótmælunum, togstreita á milli menningarheima kom upp á yfirborðið og umræða hófst um tjáningarfrelsi og ríkisvaldið. Bresk yfirvöld hafa aldrei viljað staðfesta hvort tilraunir hafi verið gerðar til að ráða Rushdie af dögum. Hins vegar lést ungur maður frá Líbanon þegar hann var að koma fyrir sprengju á hóteli í London, líklegast í þeim tilgangi. Hann hvílir í kirkjugarði í Íran fyrir píslarvotta, en á legsteininum stendur að hann hafi verið fyrstur til að deyja píslarvættisdauða við að reyna að taka Rushdie af lífi.

Sjálfur bjó Rushdie í heilan áratug í felum með stranga öryggisgæslu, eða þar til árið 1998. Útgáfan hafði þó ekki aðeins áhrif á hann sjálfan, en japanskur þýðandi bókarinnar var stunginn til bana árið 1991 og árið 1998 var ráðist á tvo aðra sem höfðu þýtt bækur hans.⁵⁷ Á þessum áratug minnkuðu diplómatiske samskipti Bretlands og Írans mikið, en árið 1998 settu Bretar aftur upp sendiráð í Íran. Var það gert eftir að írönsk stjórnvöld höfðu lýst því yfir að þau hygðust ekki beita sér fyrir því að rithöfundurinn væri tekinn af lífi. Þau drógu þó

⁵⁴ Sama heimild, 20-21.

⁵⁵ Sama heimild, 97.

⁵⁶ Sama heimild, 26-27.

⁵⁷ The Sunday Times, „Tomb of the unknown assassin reveals mission to kill Rushdie,“ *timesonline.co.uk*, 8. júní 2005. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article531110.ece> (sótt 21. apríl 2011).

yfirlýsingu Khomeinis ekki til baka þar sem enginn getur tekið *fatwa* til baka nema sá sem gaf hana upphaflega út og sjálfur lést Khomeini árið 1989.

Árið 2005 kom *fatwa*-málið aftur upp á yfirborðið, en þá sagði núverandi forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, að Rushdie væri trúníðingur og að hann væri réttdræpur, í ræðu sem hann hélt fyrir pílgríma á leið til Mekka. Bresk yfirvöld voru þó fljót að áréttta að írönsk yfirvöld hefðu ekki skipt um skoðun í þessum efnum, þrátt fyrir yfirlýsingarnar. Skipta þótti máli að Ahmadinejad lýsti þessu á trúarlegum en ekki pólitískum vettvangi. Sjálfur kveðst Rushdie þó fá bréf á ári hverju frá írönskum yfirvöldum, þar sem hann er minntur á að hann sé enn réttdræpur í þeirra augum.⁵⁸ Rithöfundurinn var sleginn til riddara í Bretlandi fyrir störf sín í þágu bókmenntanna árið 2007⁵⁹ og vakti það upp hörð viðbrögð á meðal múslima sem þótti þetta móðgun við sig. Rushdie-málið vakti því upp ýmsar spurningar varðandi múslima sem bjuggu á Vesturlöndum, meðal annars varðandi samblöndun menningar þeirra og búsetulandsins.⁶⁰

3. 2. Skopmyndirnar í *Jyllands-Posten*

Eftirmálar útgáfu *Söngva Satans* eru um margt líkir deilunni í kjölfar birtingar Múhameðsteikninganna. Í september árið 2005 fékk ritstjóri menningarhluta *Jyllands-Posten*, Flemming Rose, tólf skopmyndateiknara til að teikna myndir af Múhameð spámanni sem skyldu birtast í blaðinu. Hvatinn að því að Rose hóf að leita að skopteiknum sem voru tilbúnir til að teikna slíkar myndir var að nokkru áður hafði danski rithöfundurinn Kåre Bluitgen lent í erfiðleikum með að finna einhvern til að myndskreyta barnabók sína um Múhameð. Ritstjórar *Jyllands-Posten* töldu ástæðu þess að Bluitgen fékk engan til að myndskreyta bókina ekki hafa verið af virðingu við bann múslima á að teikna spámanninn, heldur hafi það verið sökum ótta við að teikningarnar myndu hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér.

⁵⁸ The Sunday Times, „Ayatollah revives the death fatwa on Salman Rushdie,“ *timesonline.co.uk*, 20. janúar 2005. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/uk/article414681.ece> (sótt 20. apríl 2011).

⁵⁹ BBC News, „Rushdie knighted in honours list,“ *news.bbc.co.uk*, 15. júní 2007. http://news.bbc.co.uk/2/hi/uk_news/6756149.stm (sótt 21. apríl 2011).

⁶⁰ Falkenhayer, Nicole „The Other Rupture of 1989: The Rushdie Affair as the Inaugural Event of Representations of Post-secular Conflict,“ *Global Society* 24, nr. 1 (2010): 114.

Sú kenning var á rökum reist, ef litið er til eftirmála útgáfu *Söngva Satans* og annarra svipaðra mála.⁶¹ Rose leitaði til fjölmargra teiknara en að lokum voru aðeins tólf reiðubúnir til að taka þátt og senda inn myndir. Þann 30. september sama ár birtust myndirnar svo í *Jyllands-Posten* undir heitinu „Andlit Múhameðs.“ Skopmyndirnar tólf voru þó ólíkar innbyrðis, sumar hæddust að ritstjórn *Jyllands-Posten*, tvær þeirra beindust fyrst og fremst að barnabókarhöfundinum, önnur gerði enga tilraun til að hæðast að múslimum heldur sýndi þá sem fórnarlömb og nokkrar voru ekki einu sinni myndir af spámanninum. Af þeim myndum sem voru í raun af spámanninum er mynd Kurt Westergaards hvað þekktust, en hún er af Múhameð með sprengju í túrbaninum og hefur verið hvað umdeildust.⁶² Með myndunum birtist grein sem Rose skrifaði sjálfur, þar sem hann sagði að múslimar líkt og aðrir þyrftu að vera reiðubúnir að þola að gert væri grín að þeim og þeir móðgaðir:

Þeir krefjast sérstöðu, þegar þeir fara fram á að sérstaklega sé tekið tillit til trúarlegra tilfinninga þeirra. Það er ósamræmanlegt við veraldlegt lýðræði og tjáningarfrelsi, þar sem maður verður að vera reiðubúinn að verða fyrir háði, spotti og gerður að aðhlátursefni. ... [Þ]að er því ekki af tilviljun, að fólk í alræðissamfélögum fer í fangelsi fyrir að segja brandara eða teikna gagnrýnar myndir af einræðisherrum. ... Í Danmörku er þetta ekki svona langt gengið, en ... við stefnum á hála braut, þar sem enginn getur séð fyrir hvar ritskoðunin endar.⁶³

Nokkrum vikum síðar, þann 14. október, fóru fram friðsamleg mótmeili fyrir utan höfuðstöðvar *Jyllands-Posten* í Kaupmannahöfn, þar sem um fimm þúsund manns komu saman til að mótmæla birtingu skopmyndanna.⁶⁴ Um svipað leyti fóru teiknararnir í felur og bjuggu við stranga öryggisgæslu, þar sem sumum þeirra höfðu borist morðhótanir.⁶⁵ Málið var fljótt að vinda upp á sig og fá athygli og var egypska dagblaðið *El Fagr* fyrsta daglaðið til að endurbirta myndirnar.⁶⁶ Tveimur dögum síðar óskuðu sendiherrar tíu múslimskra ríkja eftir fundi með þáverandi forsætisráðherra Dana, Anders Fogh Rasmussen, sem varð ekki við bón

⁶¹ Miklós Haraszti, „The 'cartoon' controversy: The need for respect within freedom,” *Helsinki Monitor* 18, nr. 2 (2007): 121 <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=4&hid=14&sid=0594fdd6-3b07-4a93-8555-e169e246af90%40sessionmgr11&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=26198873> (sótt 14. apríl 2011).

⁶² Jytte Klausen, *The Cartoons that Shook the World*, (New Haven: Yale University Press, 2009), 19-21.

⁶³ Flemming Rose, „Muhammeds ansigt,” *Jyllands-Posten*, 29. September 2005. <http://jp.dk/indland/article216582.ece> (sótt 14. apríl 2011).

⁶⁴ The Sunday Times, „Timeline: the Muhammad cartoons,” *timesonline.co.uk*, 6. febrúar 2006. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article725158.ece> (sótt 14.2011).

⁶⁵ The Sunday Times, „Danish cartoonists fear for their lives,” *timesonline.co.uk*, 4. febrúar 2006. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article726508.ece> (sótt 24. apríl 2006).

⁶⁶ Editors Web Log, „Media geopolitics of the Mohammed cartoons,” *editorsweblog.org*, 15. febrúar 2006. http://www.editorsweblog.org/newsrooms_and_journalism/2006/02/media_geopolitics_of_the_moham.php (sótt 16. apríl 2011).

þeirra og kvaðst ekki geta neytt dönsk dagblöð til ritskoðunar.⁶⁷ Síðar í þeim mánuði kærðu nokkur múslimsk samtök *Jyllands-Posten* til lögreglu fyrir guðlast og hatursorðræðu. Saksóknari ákvað þó að ekki skyldi sækja blaðið til saka þar sem ekkert þótti benda til að *Jyllands-Posten* hefði gerst brotlegur við lög, auk þess sem það þótti mikilvægt að vernda tjáningarfrelsið.⁶⁸

Deilurnar áttu þó eftir að stigmagnast enn frekar á næstu mánuðum og misserum og meðal annars fór sendinefnd fimm múslimskra trúarleiðtoga í Danmörku til Egyptalands til að vekja athygli á málinu þar. Ferðin var skipulögð af egypska sendiráðinu í Kaupmannahöfn og trúarleiðtogarnir höfðu meðferðis möppu sem innihélt meðal annars myndirnar frægu sem birtust í *Jyllands-Posten*, auk þriggja annarra sem *Jyllands-Posten* birti aldrei og tengdust málinu ekki á nokkurn hátt. Þessi mappa átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér þar sem að myndirnar vöktu upp mikla reiði meðal múslima.⁶⁹ Snemma árs 2006 fór að hitna í kolunum og mótmæli áttu sér stað víða um Mið-Austurlönd. Þann 30. janúar birti *Jyllands-Posten* afsökunarbeiðni þar sem ritstjórnin baðst afsökunar á því að hafa sært tilfinningar múslima þó ekki væri sérstaklega beðist afsökunar á birtingu myndanna. Afsökunarbeiðnin var skrifuð bæði á dönsku og arabísku og birtist meðal annars á vef utanríkisráðuneytis Danmerkur, en miðað við ofbeldisfull mótmæli sem fylgdu á eftir mætti segja að afsökunarbeiðnin hafi ekki aðeins komið of seint heldur hafi hún einnig þótt ófullnægjandi.⁷⁰ Síðar það ár kom einnig upp á yfirborðið myndband þar sem meðlimir í ungliðahreyfingu *Dansk Folkeparti* tóku þátt í keppni sem gekk út á að teikna móðgandi myndir af Múhameð spámanni. Myndbandið vakti ekki mikla kátínu á meðal múslima og um tíma varaði utanríkisráðuneyti Dana borgara sína við að ferðast til Mið-Austurlanda.⁷¹

Múhameðsteikningarnar höfðu líka alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir dönsk fyrirtæki sem selja vörur sínar í Mið-Austurlöndum en neytendur þar hófu að sniðganga dönsku

⁶⁷ The Sunday Times, „Timeline: the Muhammad cartoons.“

⁶⁸ The Sunday Times, „Danish Muslims sue over Muhammad cartoons,” *timesonline.co.uk*, 17. mars 2006. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article742280.ece> (sótt 15. apríl 2011).

⁶⁹ Klausen, Jytte, *The Cartoons that Shook the World*, 88-91.

⁷⁰ Utanríkisráðuneyti Danmerkur, „Apology from the Danish newspaper Jyllands-Posten,” <http://www.ambmoskva.um.dk/en/menu/Embassy/News/ApologyFromThePaperJyllandsPosten.htm> (sótt 15. apríl 2011).

⁷¹ The Independent, „Anti-Muslim video sparks new outrage against Denmark,” *independent.co.uk*, 10. október 2006. <http://www.independent.co.uk/news/world/europe/antimuslim-video-sparks-new-outrage-against-denmark-419392.html> (sótt 22. apríl 2011).

vörurnar. Danskur ostur, Lego kubbar og aðrar vörur voru fjarlægðar úr hillum verslana í Sáði Arabíu, Kúveit og víðar. Sádar hófu að sniðganga vörurnar í lok janúar 2006, en margar verslanir settu upp skilti þar sem tilkynnt var að þær byðu ekki upp á danskar vörur.⁷² Mjólkurvöruframleiðandinn Arla Food kom hvað verst út úr þessu. Sala á þeirra vörum varð nær engin á svæðinu og þurfti fyrirtækið að hætta framleiðslu sinni í Sáði Arabíu og auk þess misstu nær tvö hundruð starfsmenn í Danmörku störf sín sökum þessa. Áætlað er að velta fyrirtækisins hafi minnkað um 280 milljónir danskra króna á fyrsta mánuðinum sem danskar vörur voru sniðgengnar.⁷³ Fyrirtækið greip til örþrifaráða til að rétta stöðu sína og lofaði að gefa fé til krabbameinssjúkra, fólks í hungursneyð og fatlaðra barna á svæðinu.⁷⁴ Þá keypti það einnig heilsíðuauglýsingar í stærstu dagblöðunum í Mið-Austurlöndum, þar sem það fordæmdi teikningarnar fyrir móðgun við íslam. Viðbrögðin voru um margt jákvæð á svæðinu en hins vegar hafði þetta neikvæð áhrif á suma danska neytendur. Fyrirtækið var í erfiðri stöðu sem það hafði ekki sjálf komið sér í og líklega hefði það ekki getað gert neitt á þessum tímamarki sem friðaði bæði danska neytendur og neytendur í Mið-Austurlöndum.⁷⁵ En það var ekki aðeins almenningur í Mið-Austurlöndum sem sniðgekk danskar vörur, það gerðu stofnanir líka. Í Sáði Arabíu og fleiri ríkjum við Persaflóa hættu sum af stærstu einkareknu sjúkrahúsunum og lyfjainnflytjendur að kaupa lyf sem framleidd voru í Danmörku og öðrum evrópskum ríkjum þar sem myndirnar höfðu verið endurbirtar.⁷⁶

Þá óttuðust önnur fyrirtæki að þeirra vörur yrðu einnig sniðgengnar og sáu sig knúin til að bregðast við með viðeigandi hætti. Þannig auglýsti dótturfyrirtæki Nestlé, Nestlé Dido, að vörur þeirra væru hvorki framleiddar í Danmörku né fluttar inn þaðan. Ný-sjálenska fyrirtækið Fonterra, sem er einn stærsti mjólkurvöruframleiðandi í heimi, auglýsti einnig í sáði arabískum dagblöðum að vörur þeirra tengdust ekki Danmörku á nokkurn hátt.⁷⁷ Teikningarnar höfðu því greinileg, neikvæð áhrif á dönsk fyrirtæki og þar af leiðandi danskan efnahag um stund. Það datt eflaust engum í hug að þessi áhrif kæmu fram, en það hefði að

⁷² China daily, „Muslim boycotts of Danish products costly.“

⁷³ Hans Rask Jensen, „The Mohammed cartoons controversy and the boycott of Danish products in the Middle East,“ *European Business Review* 20, nr. 3 (2008): 279.

⁷⁴ Sama heimild, 287.

⁷⁵ The New York Times, „Muslims urge end to boycott of Danish products,“ *nytimes.com*, 4. apríl 2006. <http://www.nytimes.com/2006/04/04/world/africa/04iht-islam.html> (sótt 21. apríl 2011).

⁷⁶ The Saudi Gazette, „Calls grow to boycott Danish products,“ *saudigazette.com*.

<http://www.saudigazette.com.sa/index.cfm?method=home.regcon&contentID=2008090216123> (sótt 21. apríl 2011).

⁷⁷ Jensen, Hans Rask, „The Mohammed cartoons controversy and the boycott of Danish products in the Middle East,“ *European Business Review* 20, nr. 3 (2008): 278.

öllum líkindum verið betra fyrir fyrirækin ef að strax hefði verið beðist afsökunar á teikningunum. Það gengur ekki upp að markaðssetja danskar vörur fyrir neytendur sem finnst þeir móðgaðir af öðrum dönskum stofnunum. Það var greinilegt að það skipti neytendur máli hvaðan vörurnar kæmu og það er eitthvað sem alþjóðleg fyrirtæki hafa vitað lengi. Arla Food og fleiri dönsk fyrirtæki hafa til að mynda í áraraðir skrifað undir yfirlýsingar þess efnis að þeir stundi ekki viðskipti við Ísrael, til að auka sölu sína í öðrum ríkjum Mið-Austurlanda.⁷⁸ Skopmyndamálið var hins vegar ekki eitthvað sem var svo auðvelt að hafa stjórn á, en það var ekki í höndum danskra fyrirtækja.

Sú skopmynd sem hefur fengið hvað mesta athygli er mynd Kurt Westergaard af Múhameð með sprengju í túrbaninum. Honum hafa borist fjölmargar morðhótanir og í þónokkur skipti hafa menn reynt að ráða hann af dögum. Hann bjó í felum um tíma sökum morðhótana og býr nú við stöðuga öryggisgæslu.⁷⁹ Í febrúar árið 2008 handtók danska lögreglan fimm manns fyrir að leggja á ráðin um að myrða hann.⁸⁰ Daginn eftir handtökuna endurbirtu nokkur dönsk blöð, þeirra á meðal *Jyllands-Posten*, myndina hans sem yfirlýsingu um stuðning við tjáningarfrelsið.⁸¹ Aftur var gerð tilraun til að ráða hann af dögum snemma ársins 2010, en þá réðst sómalskur maður inn á heimili hans, vopnaður hníf og exi. Lögreglan yfirbugaði þó árásarmanninn áður en hann náði að framkvæma ætlunarverk sitt. Einnig hafa verið gerðar tilraunir til að ráðast á höfuðstöðvar *Jyllands-Posten* á Jótlandi. Í september sprakk bréfasprengja á hóteli í Kaupmannahöfn, en lögreglan taldi næsta víst að hana hefði átt að senda til ritstjórnarinnar.⁸² Sama ár játaði maður sem var handtekinn í Noregi að hafa einnig skipulagt sprengjuárás á höfuðstöðvarnar.⁸³

Opinberir embættismenn og stjórnámálamenn í Danmörku hafa reynt að leita sátta og stilla til friðar. Í október árið 2010 fór Lene Espersen, utanríkisráðherra Dana, í opinbera heimsókn til Sírlands og Egyptalands þar sem hún lýsti því yfir að skopmyndamálið hefði verið

⁷⁸ *Jyllands-Posten*, „Israel truer danske virksomheder“, *jp.dk*, 19. febrúar 2006. <http://jp.dk/indland/article169464.ece> (sótt 22. apríl 2011).

⁷⁹ BBC News, „Danish cartoonist remains defiant“, *news.bbc.co.uk*, 5. apríl 2009. <http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/7964494.stm> (sótt 23. apríl 2011).

⁸⁰ *Jyllands-Posten*, „Politikere rystede over mordplaner“, *jp.dk*, 12. febrúar 2008. <http://jp.dk/indland/krimi/article1263328.ece> (sótt 22. apríl 2011).

⁸¹ BBC News, „Danish Muhammad cartoon reprinted“, *news.bbc.co.uk*, 14. febrúar 2008. <http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/7242258.stm> (sótt 22. apríl 2011).

⁸² Politiken, „Politiet: Jyllands-Posten var målet for bombemand“, *politiken.dk*, 17. september 2010. <http://politiken.dk/indland/1062297/politiet-jyllands-posten-var-maalet-for-bombemand/> (sótt 22. apríl 2011).

⁸³ The New York Times, „Norway: Admission in Bomb Plot Against a Danish Newspaper“, *nytimes.com*, 28. september 2010. http://www.nytimes.com/2010/09/29/world/europe/29briefs-NORWAY.html?_r=1 (sótt 22. apríl 2011).

óheppilegt. Sumir í Egyptalandi túlkuðu þetta þannig að hún væri að biðjast afsökunar á birtingu Múhameðsteikninganna. Espersen þvertók hins vegar fyrir að hafa beðist afsökunar. Hún sagðist hafa sagt við egypsk yfirvöld að Danir hefðu ekki í hyggju að særa tilfinningar annarra en útskýrt á sama tíma stjórnarskrárbundinn rétt þeirra til tjáningarfrelsis.⁸⁴ Skopmyndamálið veldur því enn töluverðum vandræðum fyrir Dani og virðist það seint ætla að gleymast. Nú síðast bárust fréttir af því að Westergaard skyldi sóttur til saka í Jórdaníu fyrir guðlast.⁸⁵ Hver svo sem upphaflegur tilgangur var með birtingu Múhameðsteikninganna er ólíklegt að ritstjórnina hafi órað fyrir því enn kæmu afleiðingar þeirra fram fimm árum síðar.

3. 3. Hefðir fyrir myndum af Múhameð innan íslam

Í umræðunni um skopmyndamálið heyrðust háværar raddir um að málið væri í heild sinni fáránlegt, þar sem fjölmargar myndir væru til af spámanningnum og að múslimar hefðu sjálfir verið duglegir við að teikna og mála af honum myndir. Það er hins vegar á miklum misskilningi byggt, en ekki er sterk hefð innan íslam fyrir því að teikna spámanninginn. Vissulega má tína til einhverjar myndir af spámanningnum, en þær eru þó sjaldgæfar. Flestar myndir múslima af Múhameð eru frá 13. til 16. aldar og þá helst frá Tyrklandi, Íran, Mið-Asíu og Indlandi. Oft var spámaðurinn sýndur með blæju fyrir andlitinu en einnig eru til myndir af honum þar sem andlit hans er ekki hulið.⁸⁶ Bann við því að teikna Múhameð má þó rekja langt aftur í aldir, til upphafstíma íslam. Í upphafi beindist bannið þó ekki aðeins að spámanningnum, heldur var ekki hefð fyrir því að teikna lifandi verur. Það sést til að mynda ef gengið er inn í moskur, en andstætt við mikið myndskreyttar kirkjur kristinna manna eru moskur ekki skreyttar með myndum.

⁸⁴ Jyllands-Posten, „Avis: Espersen undskyldte for Muhammed-tegninger,“ *jp.dk*, 13. október 2010. <http://jp.dk/udland/article2213780.ece> (sótt 22. apríl 2011).

⁸⁵ Jyllands-Posten, „Blasfemisag indledes mod Muhammed-tegner,“ *jp.dk*, 14. apríl 2011. <http://jp.dk/udland/mideast/article2402715.ece> (sótt 23. apríl 2011).

⁸⁶ Jonathan A. C. Brown, *Muhammad: A Very Short Introduction*, (New York: Oxford University Press, 2011), 113. http://books.google.is/books?id=wq4aCbnI_IEC&printsec=frontcover&dq=Muhammad:+A+Very+Short+Introduction&hl=is&ei=6aipTZOxF8-Sswb-5M2QCA&sa=X&oi=book_result&ct=result&resnum=1&ved=0CCMQ6AEwAA#v=onepage&q&f=false (sótt 15. apríl 2011).

Í *Kóraninum* sjálfum er ekki að finna beint bann við myndum af Múhameð,⁸⁷ en þó hafa nokkrar súrur verið túlkaðar sem bann við þeim. Í 42. súru segir: „Hann, skapari himna og jarðar, hefur gefið yður eiginkonur af yðar kynstofni og einnig búfé af báðum kynjum. Enginn líkist Honum; Hann heyrir allt og sér allt.“ Og í 21. súru segir: „Hann mælti til föður síns og landa sinna: „Hverjar eru myndir þær, sem þér dáíð svo mjög?“ Þeir svöruðu: „Feður vorir tilbáðu þær.“ Hann mælti: „Þá hefur yður og feðrum yðar skjátlazt hrapallega.“⁸⁸ Í þessar tvær súrur *Kóransins* hefur helst verið vitnað í sambandi við bann á myndunum og hafa þær verið túlkaðar þannig að myndir geti ýtt undir skurðgoðadýrkun, það er að segja að myndin, frekar en guðlega veran sem er fyrirmyndin, verður það sem er tilbeðið. Þá hefur einnig verið vísað í 5. súru í þessu samhengi,⁸⁹ en þar segir: „Þér trúaðir, áfengi og hættuspil, skurðgoð og örvar til hlutkestis er svívirða á Satans vegum. Forðizt þess háttar, svo að yður megi vel farnast.“⁹⁰ Hins vegar er frekari og sértækari bönn að finna í *Hadith* ritunum, frásögnum og fyrirmælum Múhameðs, og í dag ríkir almennt bann við hvers konar myndum af spámanninum.⁹¹

⁸⁷ Thomas W. Arnold, *Painting in Islam, a Study of the Place of Pictorial Art in Muslim Culture*, (New Jersey: Gorgias Press, 2002), 4-5.

⁸⁸ Helgi Hálfðanarson, þýðandi, *Kóraninn*, 2. útg. (Reykjavík: Mál og menning, 2003).

⁸⁹ Arnold, Thomas W., *Painting in Islam, a Study of the Place of Pictorial Art in Muslim Culture*, 5.

⁹⁰ Helgi Hálfðanarson, þýðandi, *Kóraninn*.

⁹¹ Religion Facts, „Islamic Figurative Art and Depictions of Muhammad,“ *religionfacts.com*.
<http://www.religionfacts.com/islam/things/depictions-of-muhammad-in-islamic-art.htm> (sótt 13. apríl 2011).

4. Mið-Austurlönd og Vesturlönd

4. 1. Tvöfalt viðmið

Fólk skiptist í tvo hópa eftir því hvort þeir fordæmdu birtingu skopmyndanna eða tóku þeim fagnandi. Tariq Modood, félagsfræðiprófessor við háskólann í Bristol er einn þeirra sem telur að myndirnar hefði ekki átt að birta, þar sem þær beindust að múslimum í heild sinni og voru rasískar. Modood og fleiri hafa bent á þann tvískinnungshátt sem felst í því að *Jyllands-Posten* leyfði birtingu á skopmyndum af Múhameð spámanni en ekki myndir sem óttast var að myndu móðga kristna lesendur blaðsins. Þetta upplýsti breska blaðið Guardian árið 2006.⁹²

Sumir hafa bent á að skopmyndirnar séu ekki aðalatriðið, heldur séu þær hluti af stærra vandamáli. Margir múslimar upplifa sig sem opið skotmark og finnst þeir ekki virtir í vestrænum samfélögum. Hér spila ýmsir þættir saman; mörgum finnst menning múslima lítilsvirt af stærri trúarhópum, vestræn ríki hafa stutt við hernám Palestínu og þeir eru iðulega tengdir við hryðjuverk. Þannig upplifa margir múslimar að þeir séu óæðri í vestrænu samfélagi og að leyfilegt sé að ráðskast með þá.⁹³

Þeir sem berjast fyrir tjáningarfrelsi í lýðræðisríkjum eru oft á tíðum sakaðir um hræsni sökum þess að þeir hafa barist fyrir því að sumt sé birt á meðan þeir telja að annað eigi ekki að birta. Hefur þá helst verið bent á að það sé sérstakt að saknæmt sé í velflestum Evrópuríkjum að neita að helförin hafi átt sér stað á sama tíma og það er ekki refsivert að hæðast að múslimum. En þó svo að þessi rök virki skotheld í fyrstu hafa ýmsir verið fljótir að finna á þeim vankanta. Randall Hansen, prófessor við háskólann í Toronto er einn þeirra sem hefur fjallað ítarlega um skopmyndamálið og verið málsvari þeirra sem verja tjáningarfrelsið og birtingu myndanna. Hansen segir það ekki endilega vera hræsni að það sé saknæmt að neita helförinni en ekki að hæðast að trúarbrögðum. Segir hann að frjálslyndir hugsuðir hafi lengi vel viðurkennt ýmsar takmarkanir á tjáningarfrelsinu og að auðveldlega væri hægt að færa rök fyrir því að láta það vera saknæmt að neita helförinni en leyfa hins vegar að hæðast að trúarbrögðum. Rökin fyrir því gætu verið að það sé ekki það sama; að neita að sögulegur atburður hafi átt sér stað og að gera gys að trúarbrögðum. Af því leiðir Hansen að það gæti

⁹² Tariq Modood o.fl., „The Danish Cartoon Affair: Free Speech, Racism, Islamism, and Integration,“ *International Migration* 44, nr. 5: 4. <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?hid=11&sid=7c8bb4ba-b289-48ef-b1f0-05477692bc0b%40sessionmgr13&vid=5&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=23065012> (sótt 25. febrúar 2011).

⁹³ Sama heimild, 5.

aðeins talist hræsni að leyfa eitt og banna annað, ef öll takmörkun á tjáningarfrelsi væri vitnisburður um hræsni, en svo sé hins vegar ekki. Hansen bendir einnig á að það sé ekki sagnæmt alls staðar á Vesturlöndum að neita því að helförin hafi átt sér stað, þó það sé algengt.⁹⁴ Að lokum bendir Hansen á atriði, sem er mjög mikilvægt í þessu sambandi; þó svo að það sé sagnæmt víðsvegar um Evrópu að afneita helförinni eru það ekki þar með helstu málsvarar tjáningarfrelsisins sem styðja slíkt bann. Margir, þar á meðal hann sjálfur, eru þvert á móti á þeirri skoðun að þessum lögum skuli breyta í nafni tjáningarfrelsis.⁹⁵

Hansen er einnig á þeirri skoðun að það væri hræsni ef að ríki vernduðu sérstaklega ein trúarbrögð fram yfir önnur, en að svo sé hins vegar ekki.⁹⁶ Máli sínu til stuðnings nefnir hann sem dæmi að þegar kristnir hópar brenna fóstureyðingastofur eða berjast fyrir því að samkynhneigðir séu reknir úr störfum sínum sé þeim refsað og þeim sagt að aðgerðir þeirra í nafni trúarinnar stangist á við frjálsslynd gildi stjórnarskrárinnar. Hansen segir reyndar að ef einhverjir trúarhópar hafi notið þess að vera undir sérstökum verndarvæng stjórnvalda séu það múslimar. Á vikunum eftir að mótmæli gegn skopmyndunum brutust út stigu ýmsir þungavigtar stjórnámálmenn fram og fordæmdu birtingu skopmyndanna, þeirra á meðal voru Tony Blair og Bill Clinton. Þessir sömu stjórnámálmenn hvöttu dagblöð og útgáfufyrirtæki til ritskoðunar og lýstu yfir samúð með þeim múslimum sem fannst að sér vegið. Hansen dregur það hins vegar í efa að kristnir bókstafstrúarmenn myndu vekja upp sams konar viðbrögð þessara manna við svipaðar aðstæður. Telur hann líklegt að það hefði verið fordæmt af stjórnámálamönnum, sérfræðingum og menntamönnum ef kristnir bókstafstrúarmenn hefðu brennt kvikmyndahús sem sýndu kvikmyndina *The Last Temptation of Christ*.⁹⁷

Málsvarsmenn tjáningarfrelsisins segja að í raun hafi ekki verið bent á hina sönnu hræsnara; frjálsslynda menntamenn sem árum saman fordæmdu opinberlega bókstafstrúaða kristna. Sá trúarhópur krafðist bænastunda í skólum, skipti sér af því hvernig þróunarkenningin var kennd, vildi ritskoða kvikmyndir og bækur og láta banna fóstureyðingar nema í sérstökum undantekningartilvikum. Frjálsslyndu menntamennirnir sem fordæmdu þetta létu hins vegar undan þrýstingi bókstafstrúaðra múslima í sumum tilvikum, til dæmis er þeir vildu skipta sundtímum barna upp eftir kyni. Hansen og fleiri telja þetta hræsni, því þó svo að það sé

⁹⁴ Sama heimild, 13.

⁹⁵ Sama heimild, 13.

⁹⁶ Sama heimild, 13.

⁹⁷ Sama heimild, 14.

bannað fyrir múslima að teikna myndir af spámanninum geti ekki sömu reglur gilt um alla aðra. Hansen líkir þessu við það að gyðingar krefðust þess af öllum samborgurum sínum að þeir versluðu ekki á laugardögum.⁹⁸

Hann bendir einnig á að Danir séu ekki hræsnarar í þessum efnum. Danir eru með ítarleg og skýr lög um tjáningarfrelsi og hafa ýmsir hópar leitað þangað til að gefa út ýmis rit sem vafalaust væru litin hornauga í öðrum samfélögum. Sem dæmi má nefna að Danmörk er heimili þónokkurra útgefenda nýnasistaáróðurs sem hafa leitað skjóls þar sökum mótmæla Þjóðverja. Að sama skapi hafa danskir dómstólar neitað beiðni dönsku lögreglunnar um að blaðamaður gefi upp heimildamann sinn varðandi frétt um múslimska öfgamenn í Danmörku. Þá hafa danskir listamenn einnig ögrað með verkum sínum án þess að vera refsað, til dæmis málað myndir af Jesú þar sem honum rís hold og framleitt kvikmyndir þar sem hann er sýndur sem kynferðislega virkur hryðjuverkamaður. Danir eru yfirleitt ofarlega á lista fréttamanna án landamæra sem raðar ríkjum niður eftir frelsi fjölmiðla í heiminum.⁹⁹ Í ljósi þess hve tjáningarfrelsið er ríkt í Danmörku mætti því segja að með því að verða ekki við beiðnum múslima um ritskoðun eða afsökun hafi Danir einmitt komið fram við múslimska innflytjendur eins og samborgara sína en ekki útlendinga.¹⁰⁰

Guardian greindi frá því þann 6. febrúar árið 2006 að nokkrum árum áður hefði *Jyllands-Posten* neitað að birta skopmyndir af Jesú. Í apríl árið 2003 sendi danski skopmyndateiknarinn Christoffer Zieler blaðinu nokkrar myndir af upprisu Krists í skopmyndastíl. Í svari sem hann fékk sent með tölvupósti skrifaði ritstjóri sunnudagsblaðs *Jyllands-Posten*, Jens Kaiser: „Ég held að lesendur *Jyllands-Posten* hefðu ekki gaman af myndunum. Reyndar held ég að þær myndu vekja upp mótmæli. Þess vegna mun ég ekki nota þær.“ Þegar vakin var athygli á þessu var haft samband við Kaiser, sem sagði málið ekki eiga neitt skylt við Múhameðsteikningarnar og að það væri forkastanlegt að tengja þessi tvö mál saman. Aðrir voru hins vegar ekki á sama máli og Ahmed Akkari, talsmaður *European Committee for Prophet Honouring* sagði í viðtali við Guardian að greinilegt væri að ekki giltu sömu viðmið um múslima og aðra.¹⁰¹

⁹⁸ Sama heimild, 15.

⁹⁹ Sama heimild, 14.

¹⁰⁰ Sama heimild, 15.

¹⁰¹ Guardian, „Danish paper rejected Jesus Cartoons,“ *guardian.co.uk*, 6. febrúar 2006. <http://www.guardian.co.uk/media/2006/feb/06/pressandpublishing.politics?INTCMP=SRCH> (sótt 2.4.2011).

Til að vekja athygli á þessum tvískinnungshætti var efnt til sams konar keppni í Íran þar sem kallað var eftir myndum sem gerðu grín að helförinni. Íranska dagblaðið *Hamshahri* studdi keppnina sem var haldin til að fordæma það sem kallað var vestræn hræsni í tengslum við tjáningarfrelsið. Farid Mortazavi, ritstjóri myndefnis blaðsins sagði að tilgangur keppinnar væri að láta reyna á það hversu langt Evrópubúar væru í raun tilbúnir til að ganga til að verja tjáningarfrelsið.¹⁰² Það kom reyndar ekki á óvart að þetta útspil kæmi frá Íran en ekki öðru ríki í Mið-Austurlöndum þar sem stjórnvöld þar í landi hafa löngum stutt við fræðimenn sem dregið hafa helförina í efa. Þá eru endurtekin ummæli forseta Írans, um að helförin sé í raun sögufölsun og vestrænn tilbúningur vel þekkt.¹⁰³ Þegar tilkynnt var um nýju skopmyndakeppnina sagði Flemming Rose hjá *Jyllands-Posten* að blaðið myndi leggja sig fram við að fá að birta myndirnar sama dag og þær væru birtar í *Hamshahri*.¹⁰⁴ Þessar myndir áttu þó aldrei eftir að birtast í *Jyllands-Posten*, en daginn eftir að Rose sagði að myndirnar fengju birtingu sendi ritstjórn blaðsins frá sér tilkynningu þar sem það kom skýrt fram að blaðið myndi ekki birta helfararskopmyndir upp úr írönsku dagblaði. Það hefði aldrei verið á dagskrá heldur hefðu ummæli Rose verið mistúlkuð í viðtali.¹⁰⁵

Hugsanlega skiptir hér máli hvernig almennt er litið öðruvísi á múslima en aðra trúarhópa. Þeir eru oftast en ekki flokkaðir sem hryðjuverkamenn og trúarbrögð þeirra talin ýta undir kúgun ýmissa minnihlutahópa. Þá eru skoðanir nokkurra öfgamanna oft á tíðum yfirfærðar yfir á alla heildina. Modood nefndi dæmi um breskan múslima sem hann heyrði segja: „Látið er eins og öfgamenn úr okkar hópi séu einkennandi fyrir okkur, en um öfgamenn úr þeirra hópi ... er sagt að þeir séu bara nokkrir fautar og skemmd epli í tunnu.“ Það sem hann á við er að það er yfirleitt alhæft um múslima. Við skiljum á milli öfgafullra hópa kristinna manna og svo annarra en mögulega stafar þessi alhæfing okkar á múslimum af fáfræði, enda hafa fæstir þeirra sem deila á múslima haldbæra þekkingu á íslam og því eru þeir ekki endilega þeir bestu til að dæma. Það hvernig litið er á múslima í dag tengist því einnig hvernig evrópsk stórveldi

¹⁰² The Sunday Times, „Iranian paper launches Holocaust cartoon competition,“ *timesonline.co.uk*, 6. febrúar 2006. http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/middle_east/article727849.ece (sótt 2.4.2011).

¹⁰³ BBC News, „Holocaust comments spark outrage,“ *news.bbc.co.uk*, 14. desember 2005. http://news.bbc.co.uk/2/hi/middle_east/4529198.stm (sótt 2.4.2011).

¹⁰⁴ Guardian, „Danish paper pursues Holocaust cartoons,“ *guardian.co.uk*, 8. febrúar 2006. <http://www.guardian.co.uk/media/2006/feb/08/race.pressandpublishing?INTCMP=SRCH> (sótt 2.4.2011).

¹⁰⁵ Guardian, „Danish paper in U-turn on Holocaust cartoons,“ *guardian.co.uk*, 9. febrúar 2006. <http://www.guardian.co.uk/media/2006/feb/09/pressandpublishing.race?INTCMP=SRCH> (sótt 2.4.2011).

og hvítí maðurinn hafa komið fram við þá í aldanna rás og fóbíu kristinna manna í garð múslima.¹⁰⁶

4. 2. Mið-Austurlönd og Vesturlönd

Múslimar eru í minnihluta í Evrópu í dag, þó þeim hafi farið fjölgandi á undanföllum árum.¹⁰⁷ Umræðan um fjölgun múslima í Evrópu og aðlögun þeirra og evrópskra samfélaga og hefða hefur verið mjög heit síðastliðinn áratug. Umræða tengd erfiðleikum sem aðlöguninni fylgja hefur sérstaklega vakið athygli, bæði meðal fjölmiðla og menntaðra sérfræðinga á þessu sviði. Hér spila ýmsir þættir saman; efnahagsmál, þjóðernishyggja, alþjóðastjórnsmál og margt fleira. Múslimar eru af mörgum talinn vandræðahópur í nútíma Evrópu. Í grein sem birtist á vefsíðu *Council for European Studies* í september árið 2006 kemur skýrt fram að verið sé að gera múslima að nýjum útlögum í Evrópu.¹⁰⁸

Oft á tíðum er sett samasemmerki á milli múslima og hryðjuverka, ofbeldis og drápsverka og er hæpið að flokka slíkar alhæfingar sem annað en rasisma.¹⁰⁹ Múslimskir innflytjendur koma frá löndum sem hafa ólíka siði, reglur og venjur en gengur og gerist í Evrópu. Á umræðunni í dag má heyra að mörgum finnst að annað hvort verði múslimar að samlagast evrópskum samfélögum að öllu leyti eða sleppa því að flytja þangað. Það vill hins vegar oft gleymast í umræðunni að aðrir hópar innflytjenda, sem skera sig úr sökum kynþáttar, trúarbragða eða tungumála, hafa í gegnum tíðina samið um skilyrði fyrir aðlögun þeirra og frjálsslyndra lýðræðissamfélaga. Til dæmis beittu gyðingar sér fyrir því í Bretlandi snemma á sjöunda áratugnum að ákvæði yrðu sett í landslög sem bönnuðu hatur gegn öðrum kynþáttum. Nú eru slík ákvæði algeng þvert um alla Evrópu þrátt fyrir mótstöðu ýmissa ráðamanna á sínum tíma, sem töldu ákvæðin hafa neikvæð áhrif á tjáningarfrelsið. Þá hefur hagsmunagæsla ákveðinna minnihlutahópa leitt af sér miklar lagalegar og menningarlegar breytingar í flestum frjálsslyndum, lýðræðislegum þjóðfélögum. Enda er það að þrýsta á breytingar og að koma sínum væntingum á framfæri hluti af lýðræðislegum stjórnsmálum og þegar innflytjendur eru hluti af lýðnum hlýtur að vera sjálfsagt að tekið sé tillit til þeirra.¹¹⁰

¹⁰⁶ Modood, Tariq o.fl., „The Danish Cartoon Affair: Free Speech, Racism, Islamism, and Integration,“ 55.

¹⁰⁷ Gallup og Coexist Foundation, *The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations* (Abu Dhabi: Gallup, 2009), 10.

¹⁰⁸ Fiona Adamson, „Islam in Europe: The Challenges of Institutionalization,“ *Council for European Studies* http://www.councilforeuropeanstudies.org/pub/Adamson_sep05.html (sótt 2.4.2011).

¹⁰⁹ Modood, Tariq o.fl., „The Danish Cartoon Affair: Free Speech, Racism, Islamism, and Integration,“ 17.

¹¹⁰ Sama heimild, 19.

Aðstæður múslima í Evrópu í dag skipta miklu máli þegar skopmyndamálið er rætt. Það er mikilvægt að velta því upp hvort um einangraðan atburð sé að ræða eða hvort þetta sé einn hlekkur í þeirri keðju sem er neikvæð og óvinveitt umræða í garð múslima og íslam. Þessar umræður eru ríkjandi í mörgum samfélögum og eiga sér ekki aðeins stað á jaðrinum eða á milli almennra borgara heldur hafa stjórnámálamenn, til að mynda í Danmörku, tekið þátt í þeim umræðum og lýst yfir andstöðu sinni gegn múslimum.¹¹¹ Pia Kjærsgaard, stofnandi og núverandi formaður danska stjórnmaflokksins *Dansk Folkeparti* er einn þeirra stjórnámálamanna sem hefur látið til sín taka í umræðum um múslimska innflytjendur í Danmörku. Flokkurinn hefur barist harkalega gegn auknum fjölda innflytjenda í Danmörku, en hann er afsprengi eldri stjórnmaflokks sem var yst til hægri, *Fremskridtspartiet*. Eitt helsta einkenni flokksins er andstaða hans við innflytjendur.¹¹² Flokkur Kjærsgaard er þjóðernissinnaður og sækist eftir því að fækka innflytjendum í Danmörku eða hindra komu þeirra með öllu.¹¹³ Í ræðum sínum og ritum hefur hún blandað saman lofsamlegum orðum um jafnrétti kynjanna í Danmörku og hræðsluáróðri varðandi hversu óhóflega frjósamir innflytjendurnir eru, gagnrýni á þeirra hefðir og sakað þá um glæpi, skemmdarverk og nauðganir. Þessa mynd hefur hún dregið upp af innflytjendum til að færa rök fyrir því að bætur þeirra séu lækkaðar.¹¹⁴

Orðræða íslenskra stjórnámálamanna sem þessi heyrir ekki. Engu að síður eru málefni innflytjenda reglulega tekin til umræðu og hefur umræða um fyrirhugaða mosku Félags múslima á Íslandi sprottið upp af og til. Félag múslima á Íslandi, sem var stofnað árið 1997,¹¹⁵ hefur lengi sóst eftir því að fá lóð undir mosku, en það hefur vafist fyrir borgaryfirvöldum að afgreiða það mál. Nú eru liðin nær ellefu ár síðan samþykkt var að félagið fengi lóð og hefur núverandi formaður skipulagsráðs Reykjavíkur lýst því yfir að biðin sé brátt á enda. Málið flæktist þó á síðasta ári, en þá sótti nýstofnað Menningarsetur múslima einnig um lóð fyrir mosku og vildi deila henni með Félagi múslima á Íslandi.¹¹⁶ Salmann Tamimi, formaður síðarnefnda félagsins sagði hins vegar að talsmenn Menningarseturs múslima hefðu verið reknir úr félaginu skömmu áður og hann var ekki á því að deila moskunnni með þeim. Hann

¹¹¹ Sama heimild, 33.

¹¹² Klausen, Jytte, *The Cartoons that Shook the World*, 151.

¹¹³ Sama heimild, 154.

¹¹⁴ Sama heimild, 155.

¹¹⁵ Salmann Tamimi, tölvupóstur til höfundar 14. apríl 2011.

¹¹⁶ Vísir, „Félag múslima mun eitt fá moskulóðina.“

sagðist óttast að öfgaöfl væru að skjóta rótum á Íslandi og ýta undir alls kyns öfgar í sambandi við trú og þjóðerni fólks. Félag múslima á Íslandi miðar að því að fara eftir íslenskum hefðum og reglum og sagði að það kæmi ekki til greina að félagið væri útibú einhvers annars lands á Íslandi.¹¹⁷ Það er því óvíst hvort moskudeilunni ljúki þó svo að Félag múslima á Íslandi fái úthlutað lóð undir sína starfsemi.

Einnig hefur farið fram umræða hér á landi um hvort banna eigi múslimskan klæðnað kvenna, svo sem slæður og búrkur, en hún er óhjákvæmileg í tengslum við gagnkvæma aðlögun múslima og vestrænna samfélaga í dag. Í augum margra Vesturlandabúa er klæðnaður þeirra tákn kúgunar, enda menningarlegur bakgrunnur okkar gjörólíkur bakgrunni múslima. Hugarfar almennings í garð klæðnaðar múslimskra kvenna, umfjöllun í fjölmiðlum og umræða stjórnmalamanna er oft á tíðum neikvæð enda er slíkur klæðnaður framandi fyrir Vesturlandabúa. Frakkland, þar sem hlutfall múslimskra innflytjenda er hátt, hefur sérstaklega verið í kastljósinu undanfarið, enda hefur gengið brösuglega þar að banna slæður og annan múslimskan klæðaburð. Árið 2004, þegar Jacques Chirac var forseti Frakklands voru samþykkt lög þar í landi sem bönnuðu notkun hvers kyns trúartákna í opinberum skólum. Þó að talað væri um hvers kyns trúartákn (að því undanskildu að leyfilegt var að bera kross ef hann var ekki óvenju stór) þótti mörgum að með þessari lagasetningu væri sérstaklega vegið að múslimum, enda trúartákn þeirra kannski hvað mest áberandi.¹¹⁸ En þó svo að Frakkland hafi verið áberandi í þessu eru fleiri ríki sem hafa reynt að fara sömu leið eða stefna þangað. Í Þýskalandi er kennurum sums staðar bannað að vera með slæður við störf, Silvio Berlusconi forsætisráðherra Ítalíu hefur sagst vilja banna slæður sem hylja andlit kvenna. Svipað frumvarp náði aldrei að verða að lögum í Hollandi.¹¹⁹

Nicolas Sarkozy, núverandi Frakklandsforseti, hefur haldið áfram á sömu braut og fyrirrennari hans og barist fyrir því að klæðnaður múslimskra kvenna, til dæmis slæður og búrkur, verði bannaður á almannafæri. Sjálfur hefur hann sagt að slæðan sé ekki trúarlegt tákn, heldur

¹¹⁷ Vísir, „Salmann Tamimi: Moska verður að vera á íslenskum forsendum,“ *visir.is*, 8. október 2010. <http://www.visir.is/article/2010163892745> (sótt 20. apríl 2010).

¹¹⁸ Temilade Adelere, „France: Religious symbols banned,“ *Morgan State University Spokesman*, 5. mars 2004. <http://media.www.msuspokesman.com/media/storage/paper270/news/2004/03/05/WorldNews/France.Religious.Symbols.Banned-631074.shtml> (sótt 8.3.2010).

¹¹⁹ Qasim Rashid, „The French Veil on Freedom,“ *Examiner*, 8. febrúar 2010. <http://www.examiner.com/islam-in-national/the-french-veil-on-freedom> (sótt 8.3.2010).

merki um undirgefni, kúgun og niðurlægingu, sem sé ekki velkomin á franskri grundu.¹²⁰ Bannið stingur þó í stúf við þann menningarheim sem það sprettur upp úr; vöggu lýðræðis þar sem frelsi, jafnrétti og bræðralag var öllu æðra. Sarkozy hefur sagt að slæðan stríði gegn þeim gildum sem Frakkar lifa eftir og hugmyndum þeirra um virðingu kvenna. Þessi röksemdafærsla er þó kaldhæðnisleg í ljósi þess að Talíbanar nota sömu rök fyrir því að konur skuli hylja allan líkama sinn og klæðast búrkum. Það mætti því segja að hvort tveggja séu þetta dæmi um ýtrustu öfgar.¹²¹ Mánudaginn 11. apríl 2011 tóku gildi lög í Frakklandi sem banna konum að bera slæður og klæðast búrkum á almannafæri og er það fyrsta ríkið sem gengur alla leið í slíku banni. Bannið er umdeilt, en tíminn mun þó leiða í ljós hvernig til tekst hjá Frökkum og hvort þeir verði fyrirmynd annarra ríkja í þessum efnum.¹²²

Frakkland er þó ekki eina ríkið með mikinn fjölda múslimskra innflytjenda en Bandaríkjamenn eru í svipaðri stöðu hvað það varðar. Í júní árið 2009 flutti Barack Obama, Bandaríkjaforseti, ræðu í Kaíró höfuðborg Egyptalands, þar sem hann ræddi meðal annars um íslam og innflytjendamál. Þar komu fram skoðanir Obama varðandi umræðuna um klæðnað múslimskra kvenna og vakti hann athygli á því að framkvæmdavaldið legði sig sérstaklega fram við að tryggja rétt múslimskra stúlkna og kvenna til þess að bera slæður eða klæðast að múslimskum sið. Obama lýsti því yfir að hann myndi ekki á nokkurn hátt reyna að knýja fram lagasetningar um klæðnað fólks, sama hvaðan það kæmi og hvaða trúarbrögð það aðhylltist.¹²³

Það er þó mat margra að ekki nægi að lagaréttur sé jafn fyrir múslima og aðra í Evrópu og Norður-Ameríku, þó svo að hann sé vissulega nauðsynlegur. Innan vestrænna ríkja ríkir djúpstæður og óréttlátur fjandskapur í garð íslam, ekki bara í garð öfgafullra einstaklinga heldur almennt í garð múslima og því viðhorfi borgara þarf að breyta ef útrýma á fordómum í garð múslima.¹²⁴ Múslimar í Danmörku eru í dag félagslega, efnahagslega og stjórnmalalega

¹²⁰ Angelique Chrisafis, „Nicolas Sarkozy says veils are not welcome in France,“ *Guardian*, 22. júní 2009. <http://www.guardian.co.uk/world/2009/jun/22/islamic-veils-sarkozy-speech-france> (sótt 4.3.2010).

¹²¹ Rashid, Qasim, „The French Veil on Freedom.“

¹²² Lisa Bryant, „France’s Veil Ban Goes into Effect,“ *Voice of America News*, 11. apríl 2011.

<http://www.voanews.com/english/news/europe/Frances-Veil-Ban-Goes-into-Effect-on-Monday-119587889.html> (sótt 15. apríl 2011).

¹²³ Lynn Sweet, „Obama, Sarkozy press conference in France: Iranian threat, Muslim women head covering. Transcript,“ *Chicago Sun Times*, 6. júní 2009.

http://blogs.suntimes.com/sweet/2009/06/obama_sarkozy_press_conference_1.html (sótt 8. mars 2011).

¹²⁴ Modood, Tariq o.fl., „The Danish Cartoon Affair: Free Speech, Racism, Islamism, and Integration,“ 41.

jaðarhópur.¹²⁵ Vissulega eru margir sem benda á að múslimar og vestræn samfélög geti einfaldlega ekki aðlagast almennilega þar sem skoðanir múslima og hefðir séu of ólíkar því sem gengur og gerist almennt á Vesturlöndum. Spyrja þeir til dæmis hvort samkynhneigð sé eitthvað sem vestræn ríki vilji banna með lögum eða hvort skylda eigi eiginkonur til að vera ekki á ferli án eiginmanna.¹²⁶ Slíkar spurningar eiga hins vegar lítið heima í upplýstri umræðu á þessum vettvangi, enda snýst hún um umburðarlyndi og gagnkvæma aðlögun. Rök sem þessi flokkast frekar sem hræðsluáróður enda fjarstæðukennt að eitthvað sem þetta komi til greina.

¹²⁵ Sama heimild, 33.

¹²⁶ Sama heimild, 50.

5. Guðlast á Íslandi

5. 1. Spegillinn

Á síðari árum hefur aðeins einu sinni reynt á ákvæðið um guðlast fyrir dómstólum landsins. Í því máli var meðal annars deilt um háðsgrein sem birtist í tímaritunum *Speglinum* og *Samvisku þjóðarinnar* árið 1983. Þar var gefið í skyn að altarisganga barna gæti leitt þau á braut alkóhólisma og glæpa og voru myndskreytingarnar við greinina umdeildar. Greinin, sem bar yfirskriftina „Afleiðingar altarisgöngunnar: Ofbeldi, rán, glæpir og morð,“ birtist í 2. tbl. 43. árgangs *Spegilsins* sem kom út seint í maí 1983 og í blaðinu *Samviska þjóðarinnar*, 1. tbl. 1. árgangi fáeinum dögum síðar. Í greininni voru meðal annars eftirfarandi orð lögð í munn systur ungs manns: „Þetta er hvort tveggja lögbrot og regin hneyksli. Að hugsa sér að það skuli hafa verið látið átölulaust hingað til að þjónar Guðs freisti barna með áfengi, sem leiðir til ofdrykkju, glæpa, rána, morða og alkóhólisma. Og það í kirkjum landsins.“ Myndir voru birtar með greininni sem áttu að sýna hvernig efnilegi unglingurinn breyttist í rótlausan drykkjumann.¹²⁷ Í niðurstöðu sakadóms kom meðal annars fram að :

Hrd. 1984, bls. 855. Við úrlausn þessa sakarefnis ber að hafa í huga, að altarisakramentið, öðru nafni heilög kvöldmáltíð, er helgasta athöfn kristinnar guðsdýrkunar og annað tveggja sakramenta evangelískrar lúterskrar kirkju. [...] Verndarandlag 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er trúartilfinning fólks og réttur þess til að hafa hana í friði, sé um að ræða trúarkennningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þar sem alkunna er, að altarisakramentið og þátttaka í því er kjarnaatriði evangelísk lúterskrar trúarkennningar og trúariðkunar, telur dómurinn, að birting ofangreinds les- og myndefnis sem heild varði við lagagreininna, enda verður birting þessa efnis hvorki talið framlag til málefnalegrar umræðu um trúmál né hún talin hafa listrænt gildi. Ekki verður talið, að lagagreinin sé fallin úr gildi fyrir notkunarleysi, þegar haft er í huga, að almennt sneiða menn hjá brotum af þessu tagi vegna virðingar fyrir trúarskoðunum annarra og þeim, sem kann að sýnast nærri trúarsannfæringu sinni hoggið, finnst e.t.v. ekki rétt að hefjast handa og sitja á sér að láta sverfa til stáls. Ekki verður heldur fallist á, að 233. gr. a. hegningarlaganna hafi rýmt út 125. gr. laganna, þar sem verndarandlag hennar er annað og víðtækara, hún verndar önnur huglæg gildi með afdráttarlausum hætti, m.a. er það gert refsivert að hæða og smána aðrar tilfinningalegar eigindir en trúarbrögð.¹²⁸

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu sakadóms og vísaði til þess að grundvallartrúarkennningar þjóðkirkjunnar hefðu þarna verið hafðar að háði. Svo virðist sem það hafi ráðið miklu að tímaritsgreininni var beint að einni helgustu athöfn þjóðkirkjunnar, altarisgöngunni. Við túlkun ákvæðisins var áhersla lögð á það hvort líta mætti á birtingu efnisins sem framlag til málefnalegrar umræðu eða þá hvort hún hefði eitthvert listrænt gildi. Greinin í *Speglinum*

¹²⁷ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, 84.

¹²⁸ Hrd. 1984, bls. 855.

þótti ekki uppfylla þetta.¹²⁹ Málaferlin og niðurstaðan sjálf urðu tilefni til talsverðra viðbragða og umfjöllunar í fjölmiðlum hér á landi. Sumir sem tjáðu sig um málið töldu að með ákæru, haldlagningu blaðanna, refsidómi og upptöku blaðanna væri vegið að prentfrelsinu á grófan hátt. Annar meðdómandinn í héraði, Eysteinn Sigurðsson bókmenntafræðingur, taldi sig því knúinn til að svara fyrir sig og dóminn í *Þjóðviljanum* 9. desember 1983. Í greininni sem hann nefndi „Spegilsmálið“ sagði Eysteinn meðal annars:

Ég var tilkallaður í dóminn sem bókmenntafræðingur. Hlutverk mitt var því öðru fremur að leggja fagurfræðilegt mat á Spegilinn. Niðurstaða mín var að ritið væri satíra eða háðsádeila og að ákæruatriðin væru óumdeilanlegur hluti af heildarstefnu þess. En í framhaldinu rakst ég á vegg. Í dómnum verður að fara eftir gildandi landslögum. Þar mega persónulegar skoðanir ekki hafa áhrif. Hið svonefnda guðlast í ritinu var í raun ekki last um guð almáttugan. Þar var um að ræða kæru fyrir brot á grein í hegningarlögum þar sem segir að „hver sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða varðhaldi.“ Altarisgangan er hluti af guðsdýrkun kirkjunnar, og það lék enginn vafi á því að umfjöllun Spegilsins um hana var brot gegn þessari grein ... Í blaðaviðtölum hefur Úlfar Þormóðsson gefið okkur þremmenningum heitið „miðaldamenn“ og annað í þeim dúr. Má ég í fullri vinsemd benda honum á að „miðaldamenn“ tóku öðruvísi á svona málum. Í réttarhöldunum kom fram að næstsíðasti maður, sem dæmdur var fyrir svonefnt guðlast hér á landi, hlaut að gjalda fyrir með lífi sínu. Hann var brenndur á báli árið 1685. Ég skal með mestu ánægju upplýsa að í Spegilsmálinu kom það aldrei svo mikið sem til tals að fara að efna í hrísköst eða annan eldsmat til að kynda undir Úlfari Þormóðssyni.¹³⁰

Trúmál eru mörgum hjartfólgin og um leið viðkvæm. Hér er um afar persónulegt sannfæringarsvið að ræða, trúmálin eru samofin mörgum öðrum menningarþáttum þjóðfélagsins sem ekki njóta sambærilegrar verndar að lögum. Það er því háð mati hverju sinni hvort rétt teljist að dæma menn á grundvelli laga um guðlast og það er líklega skýringin á því hversu fáir dómar hafa fallið hér á landi í slíkum málum.¹³¹

5. 2. Brynjólfur Bjarnason dæmdur fyrir guðlast

Þess má til gamans geta að er Úlfar Þormóðsson var dæmdur fyrir guðlast, hafði enginn verið dæmdur fyrir slíkt brot síðan árið 1925. Þá var Brynjólfur Bjarnason, sem síðar tók sæti á Alþingi og varð ráðherra um skeið, dæmdur fyrir guðlast samkvæmt 157. grein eldri hegningarlaga frá árinu 1869. Brynjólfur skrifaði grein í *Alþýðublaðið* 24. mars 1925 þar sem hann tók til umræðu bók Þórbergs Þórðarsonar, *Bréf til Láru*. Ákæran laut að eftirfarandi ummælum, sem hann gekkst við fyrir dómi:

¹²⁹ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, 84-85.

¹³⁰ Sama heimild, 85.

¹³¹ Sama heimild, 98-98.

Íslendingar hafa löngum verið nokkuð treggáfaðir og einfaldir gagnvart kúgurum sínum; þeir eru orðnir þeim svo vanir, eins og hægt er að venja menn frá blautu barnsbeini að elska og virða guð almáttugan, þó að allir eiginleikar hans séu útskýrðir ítarlega og menn gangi þess ekki gruflandi, að hann sé ekki annað en hégómagjarn og öfundsjúkur harðstjóri og óþokki.

Skömmu eftir að dómur féll í málinu skrifaði Brynjólfur bækling sem hann nefndi „Vörn í guðlastsmálinu – Íhaldsstjórnin gegn Brynjólfi Bjarnasyni“ og þar sagði meðal annars:

Trúarbrögð, áfengir drykkir og eiturgas eru vopn hinnar ríkjandi stéttar. Trúarbrögðin svæfa skilning hins vinnandi lýðs og vilja hans til varnar. Í heitum löndum eru til leðurblöðkur, sem sjúga blóð úr sofandi mönnum og skepnum og nefnast vampýrar. Trúaður og fáfróður verkalýður er lífsskilyrði hinnar ríkjandi stéttar eins og sofandi bráð er lífsskilyrði vampýranna. Trúarbrögðin kenna mönnum að vera ánægðir með sitt hlutskipti og að sá guð sé góður, sem hefir verið gerður að verndara íhalds og afturhalds, hins illa og úrelta á jörðinni. Guð borgaranna hefur sömu réttindi og konungur þeirra. Konungurinn er friðhelgur fyrir lögnum, honum er heimilt að drýgja glæpi. Guð er friðhelgur fyrir mannlegri skynsemi og mannlegum siðferðisreglum, fólksuverk hans og hryðjuverk verðskulda auðmýkt og lotningu, tilbeiðslu og aðdáun.

Þótt svar Brynjólfs hafi verið harkalegt og hann stóryrtur líkt og í greininni sem hann hlaut dóm fyrir, var ekki höfðað annað refsímál gegn Brynjólfi.¹³² Það er óvíst að bann við harðorðri gagnrýni á trúarbrögðin, líkt og þessi að framan, eigi næga stoð í 73. grein stjórnarskrárinnar og að slíkt bann samræmist að fullu kröfunni um „lýðræðishefðir“ eins og þær eru túlkaðar í dag. Það er því líklegt að trúleysingi og efahyggjumaður yrði sýknaður í dag af ákæru um samskonar brot og Brynjólfur var dæmdur fyrir snemma á síðustu öld. Engu að síður má ekki líta framhjá því að umtalsverður munur er á rökstuddum ummælum um „eigindir guðdómsins“ sem fram komu í bæklingi Brynjólfs og órökstuddri og jafnvel grófri kaldhæðni sem dæmt var fyrir í Spegilsmálinu. Það eru því sumir lögfróðir menn sem telja að enn gæti sakfelling í málum svipuðum Spegilsmálinu átt rétt á sér, þó svo að gamansemi um guðdóminn ætti hins vegar að flestra mati að vera refsilaus.¹³³

5. 3. Múhameðsteikningarnar í íslensku dagblaði?

Múhameðsteikningarnar sem voru birtar í *Jyllands-Posten* og endurbirtar í fjölmörgum dagblöðum rötuðu aldrei á síður íslenskra dagblaða. Þó voru í nokkrum tilvikum birtar myndir í íslenskum dagblöðum af síðum erlendra dagblaða þar sem sjá mátti teikningarnar.¹³⁴ Forsíðu 2. tölublaðs tímaritsins *Sagan öll* árið 2008 prýddi einnig mynd af Múhameð spámanni,

¹³² Sama heimild, 83-84.

¹³³ Sama heimild, 98-99.

¹³⁴ *Morgunblaðið*, „Múhameðsteikning endurbirt í blöðum,“ 14. febrúar 2008.

teiknuð af Íslendingi sem vildi ekki láta nafns síns getið. Áður hafði ritstjóri blaðsins, Illugi Jökulsson, leitað til tveggja annarra teignara sem höfnuðu boðinu. Illugi sagði myndina þó engan veginn sambærilega skopteikningunum í *Jyllands-Posten* og að hann hefði því ekki áhyggjur af birtingunni. Salmann Tamimi sagði hins vegar að sér myndist forsíðan ósmekkleig og að þetta væri dónaskapur sem kæmi tjáningarfrelsi ekki við á nokkurn hátt.¹³⁵ Myndin var þó ekki skopmynd, líkt og þær sem birtust í *Jyllands-Posten*. Áhugavert er hins vegar að velta því fyrir sér hverjir eftirmálarnir hefðu verið hefðu skopmyndirnar birst hér á landi í íslensku dagblaði. Í þeim fáu tilvikum sem dæmt hefur verið fyrir guðlast hér á landi á síðari árum hefur það aðeins verið gert þegar kristið trúfélag á í hlut. Þetta er raunin þó að í lögnum segi að bannað sé að draga dár að trúarkenningum allra löglegra trúfélaga hér á landi.

Spegillinn hæddist að altarisgöngunni, einni helgustu athöfn kristni, með því að gefa í skyn að hún gæti leitt börn á braut ofdrykkju og glæpa. Í dómnum kom fram að fólk hefði lögvarinn rétt til að hafa trúartilfinningu sína í friði, ef um væri að ræða guðsdýrkun löglegs trúfélags. Þá kom einnig fram að almennt sneiddu menn framhjá brotum af þessu tagi en það hefði ekki verið gert. Sumar teikninganna sem birtust í *Jyllands-Posten* hæddust með svipuðum hætti að Múhameð spámanni, til að mynda sú sem sýndi hann sem hryðjuverkamann. Það mætti því gera ráð fyrir að svipaður dómur hefði fallið ef um íslenskt blað hefði verið að ræða, þar sem brotin eru keimlík. Hins vegar, eins og fram hefur komið, hefur aðeins reynt á lög um guðlast hér á landi í málum sem tengjast kristni og ekki er víst að Hæstiréttur hefði komist að sömu niðurstöðu í máli er varðaði íslam. Dómurinn í Spegilsmálinu hefur því ákveðið fordæmisgildi, varðandi svipuð mál sem tengjast kristni en ekki er hægt að segja með vissu að hann hafi fordæmisgildi í málum er varða önnur trúarbrögð.

¹³⁵ DV, „Íslenskur Múhameð á forsíðu,“ *dv.is*, 18. mars 2008. <http://www.dv.is/frettir/2008/3/18/islenskur-muhamed-a-forsidu/> (sótt 22. apríl 2011).

6. Staðan í dag

6. 1. Teikningarnar ekki í *The Cartoons that Shook the World*

Jytte Klausen, prófessor í samanburðarstjórnámálum við Brandeis háskólann skrifaði bókina *The Cartoons that Shook the World* um Múhameðsteikningarnar í *Jyllands-Posten* og eftirmála þeirra. Bókin var gefin út af Yale háskólaútgáfunni, en útgáfan kaus að birta ekki teikningarnar, þvert á vilja Klausen. Vakti þessi ákvörðun athygli og hefur hún verið mjög umdeild.

Í yfirlýsingu útgefandans í bókinni kemur fram að leitað hafi verið ráða hjá ýmsum sérfræðingum á sviði laga og þjóðaröryggis og einnig hjá leiðandi fræðimönnum á sviði íslam og málefna Mið-Austurlanda. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra taldi verulega hættu á að endurbirting myndanna myndi kynda undir frekara ofbeldi. Var ákvörðunin meðal annars rökstudd með því að upphaflega myndbirtingin hafi leitt til ofbeldisfullra mótmæla og dauðsfalla og að endurbirtingar hafi ítrekað leitt til ofbeldisverka. Í yfirlýsingunni kemur fram að útgáfan haldi þó tjáningarfrelsið í heiðri og hafi upphaflega hallast að því að birta myndirnar, en hætt við eftir að sérfræðingarnir ráðlögðu þeim að birta þær ekki. Höfundurinn birtir einnig yfirlýsingu í upphafi bókarinnar, en eins og fyrr segir var ákvörðun útgáfunnar um að birta ekki myndirnar tekin gegn hennar vilja. Segir hún að múslimskir fræðimenn, vinir og pólitískir aðgerðarsinnar hafi hvatt sig til að birta myndirnar. Hún hafi hins vegar samþykkt með sorg í hjarta að birta þær ekki.¹³⁶

Töluverðar deilur spruttu upp um hvort þessi ákvörðun útgáfunnar hafi verið rétt. Ýmis helstu dagblöð í Bandaríkjunum fjölluðu um málið og mörg þeirra birtu harða gagnrýni, þar sem því var haldið fram að þetta væri ritskoðun af verstu sort.¹³⁷ Nokkrir fræðimenn birtu álit sín á málinu í tímariti Yale háskólans, *Yale Alumni Magazine*. Á meðal þeirra voru nokkrir sérfræðinganna sem útgáfan leitaði álits hjá. Fareed Zakaria, ritstjóri *Newsweek International* ráðlagði útgáfunni að birta ekki myndirnar í bókinni, en hann taldi að það myndi kynda undir frekara ofbeldi. Líkt og fleiri sagði hann að alltaf væri erfitt að setja tjáningarfrelsinu einhver mörk, en í þessu tilviki taldi hann að útgáfan hafi tekið rétta ákvörðun, þar sem birting

¹³⁶ Jytte Klausen, Yfirlýsing höfundar í *The Cartoons that Shook the World*.

¹³⁷ Stepen N. Miller, „Yale University Press and the Danish Cartoons,“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009. <http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/yup149.html> (sótt 11. apríl 2011).

myndanna myndi ýfa upp gömul sár.¹³⁸ Mannfræðiprófessorinn Marcia Inhorn við Yale háskóla taldi myndirnar óparfa viðauka við bók Klausen og auk þess benti hún á að langflest dagblöð í Bandaríkjunum hefðu fjallað ítarlega um skopmyndamálið án þess að birta myndirnar. Inhorn var einnig á meðal þeirra sem útgáfan ráðfærði sig við. Hún sagði að það væru mikil mistök og bæri vott um skilningsleysi að gefa út bók með svo mörgum myndum af spámanninum, því það myndi móðga múslima og hvetja til ofbeldis.¹³⁹ Charles Hill, sem starfaði sem sérfræðingur bandaríska ríkisins í forsetatíð Ronald Regans, sagði sterk rök liggja að baki ákvörðunar útgáfunnar og að hún hafi verið réttmæt. Nefndi hann máli sínu til stuðnings að skopmyndirnar hafi verði teiknaðar og birtar til að móðga múslima og því væru þær ekki þess virði að fá að vera í bókinni. Líkt og hinir sem voru samþykkir ákvörðuninni taldi hann myndirnar líklegar til að vekja upp hatramma deilu að ástæðulausu. Þá nefndi hann einnig máli sínu til stuðnings að yfirstandandi væri langvinn barátta Bandaríkjanna fyrir því að arabísk dagblöð hættu að birta myndir sem sýndu gyðinga sem ógeðsleg skrímsli til þess eins að vekja hatur. Það og að Bandaríkjamenn hafi fyrir löngu viðurkennt hvað það var rangt að birta álíka myndir af Japönnum í seinni heimsstyrjöld, styddi þá ákvörðun útgáfunnar að taka myndirnar út úr bókinni. Þrátt fyrir það sagði Hill þó að einfaldari rök styddu líka ákvörðunina, en þau væru að sýna virðingu og tillitssemi við múslima.¹⁴⁰

Aðrir mæltu þó gegn ákvörðuninni umdeildu. Prófessor við Illinois háskóla, Cary Nelson, skrifaði yfirlýsinguna „Akademískt frelsi takmarkað af Yale háskólaútgáfunni,“ sem var birt fyrir hönd *American Association of University Professors* þann 13. ágúst 2009. Í henni sagði að ný stefna Yale háskólaútgáfunnar væri að semja ekki við hryðjuverkamenn, heldur að fallast á allar kröfur þeirra sem hún gerði ráð fyrir fyrirfram. Nelson sagði að með ákvörðuninni væri ekki aðeins vegið að akademísku frelsi höfundarins, heldur væri einnig möguleiki á því að aðrar háskólaútgáfur færu að ritskoða verk háskólamanna. Ein rök Yale háskólans og útgáfunnar voru að hefðu myndirnar verið birtar yrði Yale og útgáfan mögulega samsek ef allt færi í bál og brand. Nelson varpaði hins vegar fram þeirri spurningu hvort það væri þá ekki ofbeldismönnunum sjálfum að kenna og benti á að það væri engan veginn hægt

¹³⁸ Fareed Zakaria, „Exactly the Right Call,“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009.

<http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/zakaria149.html> (sótt 11. apríl 2011).

¹³⁹ Marcia Inhorn „A Major Form of Blasphemy,“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009.

<http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/inhorn149.html> (sótt 11. apríl 2011).

¹⁴⁰ Charles Hill, „Insult and Civil Discourse,“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009.

<http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/hill149.html> (sótt 11. apríl 2011).

að ritskoða allt sem mögulega gæti móðgað einhvern hóp eða leitt til ofbeldis. Það myndi takmarka mjög rökræður og upplýsta umræðu.¹⁴¹

Í umræðunni um ákvörðun útgáfunnar kom einnig fram að Klausen fékk sjálf ekki að lesa yfir álit sérfræðinganna. Henni var boðið að fara yfir þau ef hún skrifaði undir samning sem kvað á um að hún myndi ekki nefna neinn sem þar kæmi fram á nafn og auk þess mátti hún ekki ræða við neinn um það sem fram kom í álitunum. Þessu boði hafnaði Klausen, en einhverjir sérfræðinganna, til dæmis þeir sem hafa verið nefndir hér að ofan, hafa þó gert álit sín opinber sjálfir.¹⁴²

6. 2. Viðhorf og staða múslima á Vesturlöndum

Fyrri hluta ársins 2009 birtist viðamikil, hnattræn könnun sem Miðstöð múslimafræða hjá Gallup (e. *Gallup Center for Muslim Studies*) og *Coexist Foundation* gerðu á viðhorfum til ólíkra trúarhópa. Áhersla var lögð á stöðu og viðhorf múslima gagnvart almenningi í Evrópu og voru Frakkland, Bretland og Þýskaland sérstaklega tekin fyrir, enda fjöldi múslima í þeim ríkjum mikill. Könnunin gaf skýrt til kynna fjölbreytni í landslagi Evrópu hvað varðaði menninu, trú og kynþætti. Hún varpaði ljósi á ólík viðhorf mismunandi menningarhópa í Evrópu en dró einnig fram atriði sem múslimar eiga sameiginlegt með almenningi í löndunum. Niðurstöður könnunarinnar gáfu þó til kynna að múslimum í Evrópu fyndist þeir ekki hafa næga möguleika á að blómstra innan samfélagsins. Fyrir utan múslima í Þýskalandi voru þeir ólíklegri en aðrir til að hafa atvinnu og segjast ánægðir með lífskjör sín og þá sagðist töluverður fjöldi múslima í Evrópu vera minna ánægður með lífið en aðrir sem svöruðu könnuninni.¹⁴³

Könnunin gaf einnig til kynna að múslimar væru líklegri en aðrir til að samsama sig sterklega trú sinni og um leið virtust þeir líklegri til að samsama sig búsetulandi sínu en aðrir. Múslimar voru þó ólíklegri en aðrir íbúar til að segjast bera traust til hersins. Í Þýskalandi og Bretlandi voru þeir líklegri en aðrir til að bera traust til dómskerfisins, fjármálastofnana og að kosningar

¹⁴¹ Cary Nelson, „State Insult by Proxy,“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009.

<http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/nelson149.html> (sótt 11. apríl 2011).

¹⁴² Jytte Klausen, „Not Everything Can be Explained by Words Alone,“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009. <http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/klausen149.html> (sótt 11. apríl 2011).

¹⁴³ Gallup og Coexist Foundation, *The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations*, 8-9.

væru heiðarlegar. Einnig voru múslimar í Þýskalandi mun líklegri en aðrir íbúar til að bera traust til ríkisstjórnarinnar. Múslimar þar í landi báru svipað traust til lögreglu og aðrir íbúar en múslimar í Bretlandi voru líklegri til að bera traust til lögreglunnar. Múslimar voru þó ólíklegri en aðrir til að segjast bera traust til fjölmiðla. Frakkland skar sig úr í könnuninni, en þar voru múslimar ólíklegri en aðrir til að bera traust til dómskerfisins, banka og telja að kosningar væru heiðarlegar. Traust til ríkisstjórnar og fjölmiðla mældist hins vegar svipað meðal múslima og annarra. Í könnuninni var ýjað að því að múslimar bæru minna traust til stofnana þar sem þeir upplifðu sig sem jaðarhóp í Frakklandi.

Það er athyglisvert að skoða muninn á upplifun múslima í Bretlandi og Frakklandi í tengslum við hvernig gagnkvæm aðlögun fer fram innan ríkjanna tveggja. Í Bretlandi er meira svigrúm fyrir fjölbreytileika heldur en í Frakklandi. Það eru engin lög í Bretlandi sem takmarka trúarlega tjáningu sem endurspeglast í því viðhorfi Breta að vera almennt sáttir við trúartákn. Í Frakklandi er aftur á móti rík hefð aðskilnaðar ríkis og kirkju og er almenningur almennt neikvæður í garð trúartákna, sér í lagi trúartákna múslima. Í kjölfar hryðjuverkaárásinnar í London var breska fyrirkomulagið skotmark hægrisnaðra í Evrópu og Bandaríkjunum, sem töldu Breta sýna of mikla viðleitni til að koma til móts við ósanngjarnar kröfur múslima. En könnunin sýnir þvert á móti að múslimar í Bretlandi eru líklegri en múslimar í öðrum Evrópuríkjum til að samsama sig sterklega með búsetulandinu og bera meira traust til lýðræðislegra stofnana á sama tíma og þeir leggja ríka áherslu á að rækta trú sína. Þetta þykir benda til þess að mikil áhrif trúarbragða á sjálfsmyndina komi ekki í veg fyrir að múslimar samsami sig með Evrópuríkjunum.¹⁴⁴ Yfirgnæfandi meirihluti svarenda í könnuninni hafnaði hvers kyns ofbeldi og skipti þá litlu um hvort svarendur væru múslimar eða ekki. Einnig voru tengsl milli mikilvægis trúarbragða í hugum fólks og öfgahyggju lítil sem engin. Þeir sem töldu trú skipta sig miklu máli voru jafnlíklegir til að segja árásir á óbreytta borgara óverjanlegar og þeir sem töldu trúna skipta litlu eða engu máli.¹⁴⁵

En þó svo að evrópskir múslimar fagni frelsinu, lýðræðislegum stofnunum, réttlæti og mannréttindunum sem einkenna vestrænu samfélögin, þá er að einhverju leyti hægt að skýra erfiðleikana við gagnkvæma aðlögun út frá höfnun þeirra á frjálsslyndum hefðum í ýmsum

¹⁴⁴ Sama heimild, 23-24.

¹⁴⁵ Sama heimild, 9.

málefnum, til dæmis varðandi kynferði.¹⁴⁶ Þá sögðu sumir svarendur sem ekki voru múslimar að ýmsar sérþarfir múslima hefðu neikvæð áhrif á ímynd þeirra, til dæmis varðandi fæði í mötuneytum skóla og kröfur um sérstaka tíma í sundi bara fyrir konur.¹⁴⁷

6. 3. Viðhorf til múslima á Íslandi

Vegvísir til aðlögunar innflytjenda að íslensku samfélagi er skýrsla sem Rauði kross Íslands lét gera fyrir sig árið 2006 eftir að vísbendingar höfðu komið fram um að staða innflytjenda hérlandis væri ófullnægjandi og að þeir mættu fordómum. Kom það meðal annars fram í annarri skýrslu sem Rauði krossinn lét vinna fyrir sig og byggði á svörum nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla. Rúmur fjórðungur nemendanna var ósammála þeirri fullyrðingu að nýbúar hefðu jákvæð áhrif á íslenska menningu.¹⁴⁸

Gallup gerði einnig könnun á málefnum innflytjenda og hælisleitenda á Íslandi árið 2008. Þar kom fram að 45% Íslendinga voru þeirrar skoðunar að reglur sem heimiluðu útlendingum að setjast að hér á landi væru of rúmar. Þetta er töluverð breyting frá árinu 2004, þegar svipuð könnun var gerð, en þá töldu 28% að þær væru of rúmar. Könnunin birtist á vef Gallup í ágúst árið 2008 og því er ekki hægt að skýra þessa hækkun út frá efnahagshruninu og miklu atvinnuleysi sem því fylgdi. Niðurstöður sýndu að nokkur munur var á viðhorfum fólks eftir aldri og menntun. Þannig voru háskólamenntaðir frekar á þeirri skoðun að reglur sem heimiluðu útlendingum að setjast að hér á landi væru of strangar en þeir sem voru með minni menntun. Meirihluti þeirra sem höfðu aðeins lokið grunnskólaprófi, tæplega 58%, töldu að reglurnar væru of rúmar en aðeins 28% háskólamenntaðra. Munur á milli aldurshópa kom í ljós, en þeir yngri voru líklegri en þeir eldri til að telja reglurnar of rúmar. Samskonar munur kom fram eftir búsetu fólks. Ríflega helmingur íbúa landsbyggðarinnar taldi að reglurnar væru of rúmar, en aðeins 39% Reykvíkinga. Hlutfall fólks á landsbyggðinni sem taldi reglurnar of rúmar hafði tvöfaldast frá árinu 2004.¹⁴⁹ Árið 2002 voru hins vegar 22% nemenda ósammála

¹⁴⁶ Sama heimild, 30.

¹⁴⁷ Sama heimild, 25.

¹⁴⁸ Rauði Kross Íslands, *Vegvísir til aðlögunar innflytjenda að íslensku samfélagi* (Reykjavík: Rauði kross Íslands, 2006), 2. <http://redcross.is/redcross/upload/files/pdf/vegvisir.pdf> (sótt 5. apríl 2011).

¹⁴⁹ Gallup, „Málefni innflytjenda og hælisleitenda á Íslandi,” 6. ágúst 2008. <http://www.capacent.is/frettir-og-frodleikur/frettir/frett/2008/08/06/Malefni-innflytjenda-og-haelisleitenda-a-islandi/> (sótt 5. apríl 2011).

Þessari staðhæfingu, 15% árið 1997 og af því má draga þá ályktun að viðhorf Íslendinga til innflytjenda sé að breytast, í það minnsta hjá þessum aldurshópi.¹⁵⁰

Í viðhorfskönnun sem var gerð árinu á undan kom hins vegar í ljós að viðhorf Íslendinga voru neikvæðari í garð múslima en annarra innflytjenda. Spurt var um hversu sáttur svarandi væri við að fólk af ólíkum uppruna byggji í næsta húsi eða íbúð. Ríflega 6% svarenda sögðust myndu vera frekar eða mjög ósátt ef innflytjendur byggju í næsta húsi og tæplega 5% svöruðu því sama ef um búddatrúarfólk var að ræða. Hins vegar sögðust rúmlega 11% myndu vera ósátt ef nágrenni væri múslimi. Í sömu könnun var fólk spurt hvort það skipti það litlu eða miklu máli frá hvaða heimshluta nágrenni þess væru, en tæplega 14% sögðu að það skipti miklu máli.¹⁵¹ Þessar niðurstöður benda því til þess að viðhorf Íslendinga sé neikvæðara í garð múslima en annarra innflytjenda. Könnunin var gerð í júlí og ágúst, fyrir birtingu Múhameðsteikninganna og óeirðanna sem þeim fylgdu. Hins vegar er möguleiki á að sterkari tenging múslima og hryðjuverka í hugum fólks árin á eftir árásina á tvíburaturnana hafi eitthvað haft að segja.

Hins vegar verður að taka tillit til þess að fáir innflytjendur á Íslandi í dag eru múslimar og því er ekki komin mikil reynsla á gagnkvæma aðlögun þeirra og íslensks samfélags. En miðað við að almenn viðhorf gagnvart múslimum eru frekar neikvæð er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að neikvæð mál komi upp og að allir sem búa á Íslandi geti búið hér með reisn og upplifað að hér sé bæði trú- og tjáningarfrelsi. Í Félagi múslima á Íslandi er ekki nema 372 félagar¹⁵² og gera má ráð fyrir því að þeir séu ekki mikið fleiri á Íslandi. Eðlilegra væri að gera viðeigandi ráðstafanir í dag, heldur en að bíða þar til vandamál koma upp. Það hefur verið gert í vissum tilvikum, til dæmis með fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur á Alþingi um bann á búrkum.

Einnig var stofnun Samráðsvettvangs trúfélaga árið 2006 liður í að auka skilning á ólíkum trúarbrögðum og menningarheimum. Markmið vettvangsins er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum trúarhópum og að standa vörð um trúfrelsi sem og önnur mannréttindi. Öll lögleg trúfélög á Íslandi, sem hafa fengið skráningu hjá

¹⁵⁰ Sama heimild, 6.

¹⁵¹ Rauði kross Íslands, *Viðhorf til nokkurra minnihlutahópa*, (Reykjavík: Rauði kross Íslands, 2005).

<http://redcross.is/redcross/upload/files/pdf/vidhorfsrannsokn.pdf> (sótt 5.4.2011).

¹⁵² Salmann Tamimi, tölvupóstur til höfundar 22. apríl 2011.

innanríkisráðuneytinu eiga rétt á aðild að samráðsvettvanginum. Á meðal stofnaðila að Samráðsvettvangi trúfélaga voru Félag múslima á Íslandi.¹⁵³ Samráðsvettvangurinn veitir leiðtogum og fulltrúum trúfélaga tækifæri til að kynnast, stuðlar að málefnalegum samskiptum þeirra á milli og hjálpar þeim að ræða sameiginleg hagsmunamál. Hér er hins vegar fyrst og fremst vettvangur til samskipta milli ólíkra trúfélaga en ekki samskipta þeirra við samfélagið. Samráðsvettvangurinn er vissulega skref í rétta átt en þó aðeins einn af fjölmörgum hlutum sem þarf að huga að í framtíðinni.

¹⁵³ Þjóðkirkjan, „Stofnfundur Samráðsvettvangs trúfélaga,“ <http://www.kirkjan.is/node/5054> (sótt 23. apríl 2011).

7. Lokaorð

Múslimar eru jaðarhópur í Evrópu og er komið fram við þá sem slíka. Múhameðsteikningarnar í *Jyllands-Posten* beindust að öllum múslimum og sumar þeirra ýttu undir þær staðalímyndir að múslimar væru hryðjuverkamenn. Vandamálið við teikningarnar var ekki að þar væri dregin upp mynd af spámanninum, heldur að þar var hæðst að jaðarhópi sem þegar verður fyrir miklum fordómum. Þrátt fyrir það er hæpið að ritskoða skopmyndir sem þessar, enda væri þar með vegið að tjáningarfrelsinu auk þess sem fjölmargt annað efni væri þá á gráu svæði. Með lögbanni væri farið inn á hála braut, enda erfitt að skera úr um hvar mörkin ættu að liggja.

Á undanförnum árum hefur þeirri spurningu verið varpað fram oft en einu sinni, hvort gera megi grín að öllu. Þeirri spurningu er erfitt að svara, en öllu gríni fylgir einhver alvara og ábyrgð. Sumar teikninganna í *Jyllands-Posten*, voru meinlausar og gerðu jafnvel grín að ritstjórn blaðsins. Aðrar lýstu hins vegar miklum fordómum í garð múslima, þá sérstaklega mynd Kurt Westergaard af spámanninum með sprengju í túrbaninum. Hún og fleiri álíka myndir ýttu undir þær hugmyndir að múslimar væru hryðjuverkamenn, þær voru rasískar og beindust gegn öllum múslimum. Sérlega vafasamt er að birta slíkar myndir í dönsku samfélagi, þar sem hlutfall múslimskra innflytjenda er hátt og þeir upplifa mikla fordóma í sinn garð.

Sú staðreynd að blaðið var ekki tilbúið til að birta álíka skopmyndir af Jesú rýrir framburð blaðsins um að allir verði að vera tilbúnir til að verða móðgaðir og láta að sér hæðast í nútíma samfélagi. Ef það er blaðinu mikilvægt að standa vörð um tjáningarfrelsið og hæðast að öllum í því skyni, hlýtur ákvörðunin um að birta ekki skopmyndir af Jesú að vera grunsamleg.

En þó svo að hæpið sé að ritskoða skopmyndir sem þessar þarf aftur á móti að vinna gegn fordómum í garð múslima og annarra jaðarhópa. Af rannsóknum að dæma, innlendum sem og erlendum, er ekki aðeins stór hluti fólks haldinn fordómum í garð múslima, heldur fara þeir vaxandi. Ýmsir atburðir sem hlotið hafa mikla athygli hafa kynt undir slíka fordóma, til dæmis hryðjuverkaárásir á Bandaríkin og önnur ríki og óeirðirnar og blóðugu mótmælin vegna Múhameðsteikninganna.

Það er hins vegar helber misskilningur að samasemmerki sé á milli múslima og hryðjuverkamanna. Þó svo að vissulega séu sumir hryðjuverkamenn múslimar og þeir sem fá mesta fjölmiðlaathygli þessa dagana, þá er ekki þar með sagt að allir múslimar séu ofstækisfullir hryðjuverkamenn. Hugmyndir almennings um múslima virðast hins vegar litaðar af slíkum staðreyndavillum. Sést það til að mynda á rannsókn Rauða krossins, þar sem fram kom að fleiri vildu síður að múslimar byggju í næsta húsi eða íbúð, heldur en aðrir innflytjendur. Hugmyndir fólks um múslima virðast því neikvæðari en um innflytjendur almennt.

Birting Múhameðsteikninganna í *Jyllands-Posten*, var því tæknilega séð réttlætanleg og ekki ætti að setja lög sem banna birtingu skopmynda af þessu tagi. Í stærra samhengi var hún hins vegar ekki innlegg blaðsins í að standa vörð um tjáningarfrelsið, heldur frekar dæmi um fordóma. Með tjáningarfrelsinu er okkur ekki veittur ótakmarkaður réttur til að móðga þá sem okkur sýnist eða hæðast að hverjum sem er. Þó svo að menn séu sjaldan dæmdir fyrir guðlast er ekki þar með sagt að það sé í lagi að birta hvað sem er. Lög um tjáningarfrelsi snúast ekki aðeins um réttinn til að tjá hugsanir og skoðanir sínar. Þau vísa einnig til ýmissa takmarkana sem teljast nauðsynlegar í nútímaþjóðfélögum sem samanstanda af ólíkum hópum. Þar sem trúfrelsi er verndað með lögum skarast það á við tjáningarfrelsið að einhverju leyti, til dæmis þar sem guðlast er saknæmt. En það er ekki nóg að trúfrelsið eigi sér stað í lögum ef það viðhorf er almennt ríkjandi í samfélögum eða hjá fjölmiðlum, að ein trúarbrögð séu öðrum æðri. Þannig virðist hins vegar hafa verið í pottinn búið varðandi birtingu Múhameðsteikninganna í *Jyllands-Posten*.

Ef stefna blaðsins hefði verið að standa vörð um tjáningarfrelsið með því að hæðast að öllum, hefði það að sjálfsögðu birt skopmyndirnar af Jesú og jafnvel af helförinni líka. Blaðið ákvað hins vegar að síðarnefndu myndirnar væru ósmekklegar en að nauðsynlegt væri að birta Múhameðsteikningarnar til að láta múslima vita að ef þeir ætluðu að búa í vestrænum samfélögum yrðu þeir að þola slíkt háð. Niðurstaðan er hins vegar tvískinnungsháttur og enn eitt dæmið um fordóma, sem frekar þyrfti að uppræta en kynda undir með stóryrtum yfirlýsingum sem svo standast ekki nánari athugun.

Heimildaskrá

- Adamson, Fiona. „Islam in Europe: The Challenges of Institutionalization.“ *Council for European Studies*
http://www.councilforeuropeanstudies.org/pub/Adamson_sep05.html (sótt 2.4.2011).
- Adelore, Temilade. „France: Religious symbols banned.“ *Morgan State University Spokesman*. 5. mars 2004.
<http://media.www.msuspokesman.com/media/storage/paper270/news/2004/03/05/WorldNews/France.Religious.Symbols.Banned-631074.shtml> (sótt 8.3.2010).
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940.
- Arnold, Thomas W.. *Painting in Islam, a Study of the Place of Pictorial Art in Muslim Culture*. New Jersey: Gorgias Press, 2002.
- BBC News. „Danish cartoonist remains defiant.“ *news.bbc.co.uk*, 5. apríl 2009.
<http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/7964494.stm> (sótt 23. apríl 2011).
- BBC News. „Danish Muhammad cartoon reprinted.“ *news.bbc.co.uk*, 14. febrúar 2008.
<http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/7242258.stm> (sótt 22. apríl 2011).
- BBC News. „Holocaust comments spark outrage.“ *news.bbc.co.uk*, 14. desember 2005.
http://news.bbc.co.uk/2/hi/middle_east/4529198.stm (sótt 2.4.2011).
- BBC News. „Nationalist True Finns make gains in Finland vote.“ *news.bbc.co.uk*, 18. apríl 2011. <http://www.bbc.co.uk/news/world-europe-13107620> (sótt 27. apríl 2011).
- BBC News. „Rushdie knighted in honours list.“ *news.bbc.co.uk*, 15. júní 2007.
http://news.bbc.co.uk/2/hi/uk_news/6756149.stm (sótt 21. apríl 2011).
- Björg Thorarensen. „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti.“ *Tímarit lögfræðinga* 53, nr. 4 (2003): 373-420.
- Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi*. Reykjavík: Codex, 2008.
- Brown, Jonathan A. C.. *Muhammad: A Very Short Introduction*. New York: Oxford University Press, 2011.
http://books.google.is/books?id=wq4aCbnI_IEC&printsec=frontcover&dq=Muhammad:+A+Very+Short+Introduction&hl=is&ei=6aipTZOxF8-Sswb-5M2QCA&sa=X&oi=book_result&ct=result&resnum=1&ved=0CCMQ6AEwAA#v=onepage&q&f=false (sótt 15. apríl 2011).
- Bryant, Lisa. „France’s Veil Ban Goes into Effect.“ *Voice of America News*, 11. apríl 2011.
<http://www.voanews.com/english/news/europe/Frances-Veil-Ban-Goes-into-Effect-on-Monday-119587889.html> (sótt 15. apríl 2011).

- China daily. „Muslim boycotts of Danish products costly.“ *chinadaily.com*, 17. febrúar 2006. http://www.chinadaily.com.cn/english/doc/2006-02/17/content_521276.htm (sótt 21. apríl 2011).
- Chrisafis, Angelique. „Nicolas Sarkozy says veils are not welcome in France.“ *Guardian*. 22. júní 2009. <http://www.guardian.co.uk/world/2009/jun/22/islamic-veils-sarkozy-speech-france> (sótt 4.3.2010).
- DV. „Íslenskur Múhameð á forsíðu.“ *dv.is*, 18. mars 2008. <http://www.dv.is/frettir/2008/3/18/islenskur-muhamed-a-forsidu/> (sótt 22. apríl 2011).
- Editors Web Log. „Media geopolitics of the Mohammed cartoons.“ *editorsweblog.org*, 15. febrúar 2006. http://www.editorsweblog.org/newsrooms_and_journalism/2006/02/media_geopolitics_of_the_moham.php (sótt 16. apríl 2011).
- Eiríkur Tómasson, Björg Thorarensen, Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. *Áfangaskýrsla nefndar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands*. (Reykjavík: Alþingi, 2007), 76. <http://www.althingi.is/altext/133/s/pdf/1293.pdf> (sótt 15. apríl 2011).
- Fajardo-Acosta, Fidel. „Salman Rushdie (1947-).“ World Literature Website. <http://fajardo-acosta.com/worldlit/rushdie/index.htm> (sótt 13. apríl 2011).
- Falkenhayer, Nicole. „The Other Rupture of 1989: The Rushdie Affair as the Inaugural Event of Representations of Post-secular Conflict.“ *Global Society* 24, nr. 1 (2010): 111-132. <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=0ed7f025-7ae0-4e20-87ec-3a562b8b742c%40sessionmgr10&vid=1&hid=7&bdata=JnNpdGU9ZWWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=47377626> (sótt 20. apríl 2011).
- Frumvarp til stjórnskipunarlags, þskj. 389, 297. mál, 1994-1995. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html> (sótt 5. mars 2011).
- Fyrirspurn til dómsmála- og mannréttindamálaráðherra um bann við búrkum, þskj. 286, 252. mál, 2010-2011. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/139/s/0286.html> (sótt 15. apríl 2011).
- Gallup. „Málefni innflytjenda og hælisleitenda á Íslandi.“ 6. ágúst 2008. <http://www.capacent.is/frettir-og-frodleikur/frettir/frett/2008/08/06/Malefni-innflytjenda-og-haelisleitenda-a-islandi/> (sótt 5. apríl 2011).
- Gallup og Coexist Foundation. *The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations*. Abu Dhabi: Gallup, 2009.
- Green-Pedersen, Christoffer og Pontus Odmalm. „Going different ways? Right-wing parties and the immigrant issue in Denmark and Sweden.“ *Journal of European Public Policy* 15, nr. 3 (2008): 367-381. <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=6&hid=13&sid=04f2aa2e-4e9c-4a5a-97ec-38709a320f69%40sessionmgr15&bdata=JnNpdGU9ZWWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=30049693> (sótt 20. apríl 2011).

- Guardian. „Danish paper in U-turn on Holocaust cartoons.“ *guardian.co.uk*, 9. febrúar 2006.
<http://www.guardian.co.uk/media/2006/feb/09/pressandpublishing.race?INTCMP=SRCH> (sótt 2.4.2011).
- Guardian. „Danish paper pursues Holocaust cartoons.“ *guardian.co.uk*, 8. febrúar 2006.
<http://www.guardian.co.uk/media/2006/feb/08/race.pressandpublishing?INTCMP=SRCH> (sótt 2.4.2011).
- Guardian. „Danish paper rejected Jesus Cartoons.“ *guardian.co.uk*, 6. febrúar 2006.
<http://www.guardian.co.uk/media/2006/feb/06/pressandpublishing.politics?INTCMP=SRCH> (sótt 2.4.2011).
- Gunduz, Zuhul Yesilyurt. „The European Union at 50-Xenophobia, Islamophobia and the Rise of the Radical Right.“ *Journal of Muslim Minority Affairs* 30, nr. 1 (2010): 35-47.
<http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=ec0faffb-01b3-4156-bced-0969b25aae66%40sessionmgr13&vid=1&hid=13&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=50319357> (sótt 20. apríl 2011).
- Gunnar G. Schram. *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.
- Haraszti, Miklós. „The 'cartoon' controversy: The need for respect within freedom.” *Helsinki Monitor* 18, nr. 2 (2007): 121-124.
<http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=4&hid=14&sid=0594fdd6-3b07-4a93-8555-e169e246af90%40sessionmgr11&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=26198873> (sótt 14. apríl 2011).
- Helgi Hálfðanarson, þýðandi. *Kóraninn*. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning, 2003.
- Hill, Charles. „Insult and Civil Discourse.“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009.
<http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/hill149.html> (sótt 11. apríl 2011).
- Hossain, Mozaffar. „The story of fatwa.” *Interventions: The International Journal of Postcolonial Studies* 4, nr. 3 (2002): 237-242.
<http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=4&hid=18&sid=51bc6667-868c-4852-a769-c8f37006e772%40sessionmgr4&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=7175561> (sótt 19. apríl 2011).
- Hrd. 1984, bls. 885.
- Inhorn, Marcia. „A Major Form of Blasphemy.“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009.
<http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/inhorn149.html> (sótt 11. apríl 2011).
- Jensen, Hans Rask. „The Mohammed cartoons controversy and the boycott of Danish products in the Middle East.“ *European Business Review* 20, nr. 3 (2008): 275-289.
- Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíðabyrgð I*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.
- Jyllands-Posten. „Avis: Espersen undskyldte for Muhammed-tegninger.“ *jp.dk*, 13. október 2010. <http://jp.dk/udland/article2213780.ece> (sótt 22. apríl 2011).

- Jyllands-Posten. „Blasfemisag indledes mod Muhammed-tegner.“ *jp.dk*, 14. apríl 2011.
<http://jp.dk/udland/mideast/article2402715.ece> (sótt 23. apríl 2011).
- Jyllands-Posten. „Israel truer danske virksomheder.“ *jp.dk*, 19. febrúar 2006.
<http://jp.dk/indland/article169464.ece> (sótt 22. apríl 2011).
- Jyllands-Posten. „Politikere rystede over mordplaner.“ *jp.dk*, 12. febrúar 2008.
<http://jp.dk/indland/krimi/article1263328.ece> (sótt 22. apríl 2011).
- Klausen, Jytte. „Not Everything Can be Explained by Words Alone.“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009. <http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/klausen149.html> (sótt 11. apríl 2011).
- Klausen, Jytte. *The Cartoons that Shook the World*. New Haven: Yale University Press, 2009.
- Miller, Stepen N.. „Yale University Press and the Danish Cartoons.“ *Yale Alumni Magazine*. 9. september 2009. <http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/yup149.html> (sótt 11. apríl 2011).
- Modood, Tariq, Randall Hansen, Erik Bleich, Brendan O'Leary og Joseph H. Carens. „The Danish Cartoon Affair: Free Speech, Racism, Islamism, and Integration.“ *International Migration* 44, nr. 5: 3-62.
<http://web.ebscohost.com/ehost/detail?hid=11&sid=7c8bb4ba-b289-48ef-b1f0-05477692bc0b%40sessionmgr13&vid=5&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=23065012> (sótt 25. febrúar 2011).
- Morgunblaðið*. „Múhameðsteikning endurbirt í blöðum.“ 14. febrúar 2008.
- Nelson, Cary. „State Insult by Proxy.“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009.
<http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/nelson149.html> (sótt 11. apríl 2011).
- Óskar Hafsteinn Óskarsson. „Svona hefur þetta alltaf verið.“
<http://tru.is/pistlar/2007/07/svona-hefur-%C3%BEetta-alltaf-veri%C3%B0/> (sótt 15. apríl 2011).
- Páll Sigurðsson. *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997.
- Páll Sigurðsson, ritstjóri, *Lögfræðiorðabók: með skýringum*. Reykjavík: Codex: Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008.
- Pipes, Daniel. *The Rushdie Affair: the Novel, the Ayatollah, and the West*. 4. útg. New Jersey: Transaction Publishers, 2009.
- Politiken. „Politiet: Jyllands-Posten var målet for bombemand.“ *politiken.dk*, 17. september 2010. <http://politiken.dk/indland/1062297/politiet-jyllands-posten-var-maalet-for-bombemand/> (sótt 22. apríl 2011).
- Rashid, Qasim. „The French Veil on Freedom.“ *Examiner*, 8. febrúar 2010.
<http://www.examiner.com/islam-in-national/the-french-veil-on-freedom> (sótt 8.3.2010).

- Rauði Kross Íslands. *Vegvísir til aðlögunar innflytjenda að íslensku samfélagi*. Reykjavík: Rauði kross Íslands, 2006. <http://redcross.is/redcross/upload/files/pdf/vegvisir.pdf> (sótt 5. apríl 2011).
- Rauði kross Íslands. *Viðhorf til nokkurra minnihlutahópa*. Reykjavík: Rauði kross Íslands, 2005. <http://redcross.is/redcross/upload/files/pdf/vidhorfsrannsokn.pdf> (sótt 5.4.2011).
- Religion Facts. „Islamic Figurative Art and Depictions of Muhammad.“ *religionfacts.com*. <http://www.religionfacts.com/islam/things/depictions-of-muhammad-in-islamic-art.htm> (sótt 13. apríl 2011).
- Rose, Flemming. „Muhammeds ansigt.“ *Jyllands-Posten*, 29. September 2005. <http://jp.dk/indland/article216582.ece> (sótt 14. apríl 2011).
- RÚV. „SS hætta halal slátrun.“ *ruv.is*, 20. september 2010. <http://www.ruv.is/frett/ss-haetta-halal-slatrun> (sótt 15. apríl 2011).
- Spiegel online. „Arson and Death Threats as Muhammad Caricature Controversy Escalates.“ *spiegel.de*, 4. Febrúar 2006. <http://www.spiegel.de/international/0,1518,399177,00.html> (sótt 26. apríl 2011).
- Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
- Sweet, Lynn. „Obama, Sarkozy press conference in France: Iranian threat, Muslim women head covering. Transcript.“ *Chicago Sun Time*, 6. júní 2009. http://blogs.suntimes.com/sweet/2009/06/obama_sarkozy_press_conference_1.html (sótt 8. mars 2011).
- The Independent. „Anti-Muslim video sparks new outrage against Denmark.“ *independent.co.uk*, 10. október 2006. <http://www.independent.co.uk/news/world/europe/antimuslim-video-sparks-new-outrage-against-denmark-419392.html> (sótt 22. apríl 2011).
- The New York Times. „Muslims urge end to boycott of Danish products.“ *nytimes.com*, 4. apríl 2006. <http://www.nytimes.com/2006/04/04/world/africa/04iht-islam.html> (sótt 21. apríl 2011).
- The New York Times. „Norway: Admission in Bomb Plot Against a Danish Newspaper.“ *nytimes.com*, 28. september 2010. http://www.nytimes.com/2010/09/29/world/europe/29briefs-NORWAY.html?_r=1 (sótt 22. apríl 2011).
- The Saudi Gazette. „Calls grow to boycott Danish products.“ *saudigazette.com*. <http://www.saudigazette.com.sa/index.cfm?method=home.regcon&contentID=2008090216123> (sótt 21. apríl 2011).
- The Sunday Times. „Ayatollah revives the death fatwa on Salman Rushdie.“ *timesonline.co.uk*, 20. janúar 2005. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/uk/article414681.ece> (sótt 20. apríl 2011).

- The Sunday Times. „Danish cartoonists fear for their lives.“ *timesonline.co.uk*, 4. febrúar 2006. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article726508.ece> (sótt 24. apríl 2006).
- The Sunday Times. „Danish Muslims sue over Muhammad cartoons.” *timesonline.co.uk*, 17. mars 2006. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article742280.ece> (sótt 15. apríl 2011).
- The Sunday Times. „Iranian paper launches Holocaust cartoon competition.“ *timesonline.co.uk*, 6. febrúar 2006. http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/middle_east/article727849.ece (sótt 2.4.2011).
- The Sunday Times. „Timeline: the Muhammad cartoons.“ *timesonline.co.uk*, 6. febrúar 2006. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article725158.ece> (sótt 1.4.2011).
- The Sunday Times. „Tomb of the unknown assassin reveals mission to kill Rushdie.“ *timesonline.co.uk*, 8. júní 2005. <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/article531110.ece> (sótt 21. apríl 2011).
- Utanríkisráðuneyti Danmerkur. „Apology from the Danish newspaper Jyllands-Posten.” <http://www.ambmoskva.um.dk/en/menu/Embassy/News/ApologyFromThePaperJyllandsPosten.htm> (sótt 15. apríl 2011).
- Vísir. „Félag múslima mun eitt fá moskulóðina.“ *visir.is*, 13. desember 2010. <http://www.visir.is/article/2010891026945> (sótt 20. apríl 2010).
- Vísir. „Salmann Tamimi: Moska verður að vera á íslenskum forsendum.“ *visir.is*, 8. október 2010. <http://www.visir.is/article/2010163892745> (sótt 20. apríl 2010).
- Þjóðkirkjan. „Stofnfundur Samráðsvettvangs trúfélaga.“ <http://www.kirkjan.is/node/5054> (sótt 23. apríl 2011).
- Zakaria, Fareed. „Exactly the Right Call.“ *Yale Alumni Magazine*, 9. september 2009. <http://www.yalealumnimagazine.com/extras/yup/zakaria149.html> (sótt 11. apríl 2011).